

Stafir

Lífeyrissjóður

Ársskýrsla
2006

Stafir

Lífeyrissjóður

Ársskýrsla
2006

Reykjavík, apríl 2007

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Hugleiðingar framkvæmdastjóra	5
Samruni Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar	7
Stjórn og starfsmenn	8
Skipurit Stafa lífeyrissjóðs	9
Rekstur sjóðsins 2006	10
Iðgjöld	11
Aldursdreifing sjóðfélaga	12
Launagreiðendur	13
Efnahagur og afkoma	14
Úttekt á ávöxtun	15
Markaðir	16
Peningamarkaður og verðbólga	16
Innlend hlutabréf	17
Innlend skuldabréf	17
Gjaldeyrismarkaður	18
Erlendir verðbréfamarkaðir	19
Sjóðfélagalán	20
Fjárfestingarstefna	20
Lífeyrisgreiðslur	21
Eftirlaunalífeyrir	21
Örorkulífeyrir	22
Makalífeyrir	22
Barnalífeyrir	22
Séreignarsjóður	22
Tryggingafræðileg staða	23
Réttindaaukning	24
Uppbótarsjóður	24
Áhættustýring	25
Markaðsáhættumat	25
Skuldbindingaráhætta	25
Rekstraráhætta	26
Mótaðilaáhætta	26

Ávarp stjórnarformanns

Það eru forréttindi að fá að vera hluti af sögunni og sjá hana gerast fyrir augunum á sér. Stór atburður varð í lífeyrissögu landsins þann 1. janúar 2007 en þá tók formlega til starfa nýr lífeyrissjóður á Íslandi, Stafir lífeyrissjóður, nýr sjóður reistur á gömlum merg tveggja sjóða sem báðir áttu sér áratugalanga sögu. Þeir sjóðir sem runnu saman í Stafir voru Samvinnulífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóðurinn Lífiðn. Með samruna sjóðanna tveggja var markið sett á að ná samkeppnisforskoti á öllum sviðum starfsemi sjóðsins. Öflugri og hagkvæmari eignastýring, betri þjónusta við launagreiðendur og sjóðfélaga og hagræðing í rekstri eru þættir sem koma öllum hagsmunaaðilum sjóðsins til góða þegar fram í sækir. Sjóðurinn er opinn öllum þeim sem hafa val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða, en einnig eiga að honum skyldaáðild þeir sem áild áttu að Lífeyrissjóðnum Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðnum fyrir sameiningu þeirra í Stafir.



Guðmundur Hjaltason,
stjórnarformaður
Stafa lífeyrissjóðs

Sú ársskýrsla sem nú er kynnt sjóðfélögum og öðrum vísar til sameiginlegra eigna og skuldbindinga sjóðanna tveggja sem nú mynda Stafir. Stafir lífeyrissjóður er meðal stærstu lífeyrissjóða á Íslandi og námu eignir hans þann 31. desember 2006 74,7 milljörðum króna. Hátt í 52 þúsund manns áttu í honum réttindi við sameiningu, eða rúmlega sjötti hver Íslendingur. Hrein raunávöxtun sjóðsins var 9,0% og vex sjóðurinn um 20% milli ára. Á árinu 2006 var 5,7 milljörðum króna úthlutað í réttindaaukningu til sjóðfélaga þegar réttindastaða sjóðfélaganna var jöfnuð lögum samkvæmt við sameiningu. Tryggingastaða sjóðsins er þrátt fyrir þetta traust og nema eignir umfram heildarskuldbindingar 2,9%.

Frá 1. janúar 2007 ber að standa skil á 12% iðgjaldi í lífeyrissjóð af öllum launþegum á Íslandi. Krafa um aukið iðgjald til lífeyrissjóðanna var skýr af hálfu margra lífeyrissjóða þar sem þeir sumir hverjir gátu ekki orðið uppfyllt þá lagskyldu sem lögð var á þá um að tryggja sjóðfélögum sínum lágmarkstryggingavernd fyrir 10% iðgjald í sjóðina sem bundið hefur verið í lög frá árinu 1997. Stafir lífeyrissjóðir eru í þeirri góðu stöðu að geta lofað einna bestu lífeyrisréttindum meðal almennra lífeyrissjóða á Íslandi og er munurinn á honum og öðrum almennum lífeyrissjóðum allt að 20% þegar reiknað er yfir 40 ára tímabil. Þetta þýðir einfaldlega að sjóðfélagi sem greiðir til Stafa í 40 ár er lofað 20% hærrí lífeyri í samanburði við þann sem greiðir til þess almenna lífeyrissjóðs sem lakast stendur.

Framundan eru spennandi tímar í rekstri Stafa. Vinna stendur nú yfir við að ná fram ýmsum markmiðum sem sett voru í sameiningarvinnu sjóðanna. Markmið um hagræðingu í rekstri á fyrsta ári náðust og vel það og verið er að hagræða í eignaumsýslu og ná fram betri samningum við vörslufyrirtæki í krafti aukinnar stærðar. Einnig er unnið að því að bæta þjónustu og styrkja innviði sjóðsins á ýmsa lund. Starfsmenn Samvinnulífeyrissjóðsins fluttu við sameininguna inn í húsnæði Lífiðnar en unnið er að því að finna framtíðarhúsnæði fyrir sameinaðan sjóð.

Margeir Daníelsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins til 21 árs lét af störfum framkvæmdastjóra við sameiningu sjóðanna. Undir hans stjórn náðist frábær ávöxtun eigna Samvinnulífeyrissjóðsins og var hann með hæstu meðalávöxtun eigna yfir langt árabil. Eru Margeiri færðar góðar þakkir fyrir vel unnin störf. Öðrum starfsmönnum sjóðsins og stjórnarmönnum eru einnig færðar kveðjur og þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Guðmundur Hjaltason, stjórnarformaður Stafa lífeyrissjóðs

Hugleiðingar framkvæmdastjóra

Undanfarin misseri hafa samkeppnismál verið mikið í umræðunni. Dómstólar hafa þurft að skera úr um túlkun á samkeppnislögum og mjög skiptar skoðanir eru um hversu virk samkeppnin er á neytendamarkaði. Árið 1995 skipaði fjármálaráðherra nefnd sem hafði það megin hlutverk að útfæra markmið þáverandi ríkisstjórnar að treysta starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins þannig að allir landsmenn nytu sambærilegra lífeyrisréttinda. Sérstök áhersla skyldi lögð á að innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða. Nefndin skilaði af sér frumvarpi að lögum um lífeyrissjóði. Nú rúmum áratug síðar er vert að velta fyrir sér hvort þessi markmið hafi náðst. Njóta landsmenn sambærilegra lífeyrisréttinda og ríkir samkeppni milli lífeyrissjóða?

Áður en því er svarað er mikilvægt að hafa þrennt í huga:

- 1) Að jafnaði er samið um aðild einstaklinga að sjóðum og þeir hafa því í mörgum tilfellum lítið val um hvert þeir borga.
- 2) Lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum ráðast af lýðfræði sjóða, hlutfalli kynja og örorkubyrði svo dæmi séu tekin.
- 3) Ávöxtun iðgjalds vegur um 70% af lífeyrisréttindum.

Um aðildarskyldu að Stöfum lífeyrissjóði fer samkvæmt samningum launþega-hreyfinga og Samtaka atvinnulífsins og sem framkvæmdastjóra ber mér að starfa samkvæmt samþykktum. Undanfarin misseri hefur það ítrekað komið fram bæði í ræðu og riti að örorkubyrði lífeyrissjóða er svo misjöfn að hún er farin að skerða samkeppnisstöðu þeirra sjóða sem eiga í hlut. Lýðfræði sjóðanna takmarkar getu þeirra til að veita sambærileg réttindi. Þrátt fyrir góða ávöxtun einstakra sjóða er munur á réttindaávinnslu allt að 20%. Við þessu hefur núverandi ríkisstjórn brugðist með sérstökum jöfnunargreiðslum sem er ætlað að jafna samkeppnisstöðu þeirra lífeyrissjóða sem verst standa. Eðlilegra væri í samkeppnislegu tilliti að jöfnunargreiðslur tækju mið af iðgjöldum en ekki örorkubyrði einstaka sjóða. Þá bentu Samtök atvinnulífsins nýverið á mikinn mun á réttindaávinnslu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), þar sem sjóðurinn lofar gríðargóðum réttindum, miklu meiri en almennir sjóðir gera enda þurfa sjóðfélagar Stafa líkt og aðrir skattborgarar að greiða fyrir þennan mikla rétt, ef ávöxtun eigna í sjóðnum dugir ekki til.

En hvað með þann þátt sem mestu ræður um réttindaávinnslu, ávöxtun iðgjalds? Með lögum nr. 27 frá 1991 um endurskoðun og ársreikninga lífeyrissjóða var samræmi komið á útreikning ávöxtunar og skipulegri öflun upplýsinga um ávöxtun lífeyrissjóða komið á. Bankaeftirlitið og síðar Fjármálaeftirlitið hafa frá árinu 1992 birt upplýsingar um ávöxtun sjóða og þær upplýsingar sýna að munur á 15 ára meðalraunávöxtun sjóða er allt að 3,0%. Sambærilegur munur á sjóðum yfir 40 ára tímabil myndi leiða til 90% lakari lífeyrisréttinda fyrir þá sjóðfélaga sem rétt eiga í þeim sjóði sem lakasta ávöxtun hafði m.v. réttindi sjóðfélaga í þeim sjóði sem best stóð sig í ávöxtun. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skal stjórn lífeyrissjóðs móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn Stafa hefur sett sér það markmið að 5 ára meðalávöxtun sjóðsins verði á hverjum tíma á meðal þeirra fimm sjóða sem ná bestri ávöxtun. Stjórn og starfsmenn sem koma að eignastýringu vita að gerðar eru miklar kröfur til starfseminnar og einungis iðgjöld sjóðsins og ávöxtun eigna geta staðið undir skuldbindingum hans.



*Ólafur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri
Stafa lífeyrissjóðs.*

Að mínu mati hefur markmiðum laganna ekki verið náð. Samkeppni er lítil meðal samtryggingarsjóða sökum skylduaðildar og viðleitni í átt til jöfnunar lífeyrisréttinda er lítil sem engin. Því fer fjarri að landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda og hvað samkeppni milli samtryggingarsjóða varðar mun hún skekkjast verulega á næstu árum með inngripi ríkisvaldsins.

Óhætt er að segja um þriðju stoð lífeyriskerfisins, viðbótarlífeyrissparnað, að þar ríki mikil samkeppni. Fjölmargir vörsluaðilar bjóða fjölbreyttar sparnaðarleiðir í viðbótarlífeyrissparnaði. Auglýsingar eru áberandi og sölumenn herja á starfsfólk inni í fyrirtækjum og eru áberandi í verslunarmiðstöðum. Samkeppnin hefur að mínu mati leitt til þess að almennir launþegar eru meðvitaðri en áður um ávinning viðbótarlífeyrissparnaðar. Óhætt er að segja að þeir sem greiða í séreignardeild í 40 ár munu njóta mun betri lífeyrisréttinda en þeir sem treysta eingöngu á almannatryggingar og samtryggingarsjóði og er vel að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skuli kosta jafn miklu til að upplýsa launþega um þá staðreynd. Við setningu laga um lífeyrissjóði var samkeppnisákvæði sett í 5. gr. þeirra, þar sem gert er ráð fyrir fjárhagslegum aðskilnaði séreignardeilda frá annarri starfsemi vörsluaðila. Samkvæmt lögnum mega því bankar og samtryggingarsjóðir ekki niðurgreiða starfsemi séreignardeilda með annarri starfsemi. Þrátt fyrir þetta ákvæði bjóða einstaka lífeyrissjóðir séreignarleiðir sjóðfélögum að kostnaðarlausu, sem hlýtur að vera ólöglegt. Í mínum huga er það einnig óeðlilegt að séreignarsparnaður sé forsenda fyrir betri kjörum á annarri ótengdri fjármálaþjónustu.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs.

Samruni Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar

Þann 27. maí 2005 skrifuðu stjórnir Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins undir viljayfirlýsingu þess efnis að kanna hagkvæmni þess að sameina sjóðina. Gera skyldi samanburð á fjárhagslegri og tryggingafræðilegri stöðu. Mat á ávinningi skyldi unnið út frá tryggingafræðilegri stöðu, rekstrarkostnaði og væntri ávöxtun.

Stofnaður var stýrihópur þar sem í voru Haraldur H. Jónsson og Tryggvi Guðmundsson fyrir hönd Lífiðnar og Guðmundur Hjaltason ásamt Karli Stefánssyni fyrir hönd Samvinnulífeyrissjóðsins. Að starfi stýrihópsins hafa jafnframt komið framkvæmdastjórnar lífeyrissjóðanna þeir Margeir Danielsson og Ólafur Sigurðsson sem tók við starfi framkvæmdastjóra Lífiðnar við brotthvarf Friðjóns Rúnars Sigurðssonar í október 2005. Skúli Skúlason, skrifstofustjóri Samvinnulífeyrissjóðsins og Þröstur Ólaf Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, hafa jafnframt komið að verkefninu ásamt lögmonnum sjóðanna þeim Ragnari Baldurssyni hrl. og Óskar Norðmann hdl.

Að loknum sumarleyfum 2005 hóf stýrihópurinn að víða að sér gögnum og vinna að skýrslu um hagkvæmni þess að sameina sjóðina. Stýrihópurinn skilaði loka-skýrslu í janúar 2006 til stjórnna beggja sjóða.

Ítarleg kynning fór fram á skýrslu stýrihóps. Fjölmargir kynningarfundir voru haldnir með hagsmunaaðilum beggja sjóða og sérstakt fréttabréf var sent á sjóðfélaga þar sem helstu niðurstöður voru kynntar. Sjóðfélagafundur var haldinn þar sem stjórnarmenn og tryggingastærðfræðingur sátu fyrir svörum.

Eftir fjölmarga kynningarfundir og á grundvelli tillagna stýrihópsins var samrunasamningur undirritaður af stjórnnum beggja sjóða þann 10. apríl 2006. Í honum fólust að sameiningin skyldi miðast við stöðu sjóðanna þann 1. janúar 2006. Samningurinn var borinn undir ársfundum sjóðanna í maí 2006 og endanlega samþykktur með viðauka á aukaársfundum sem haldnir voru þann 30. júní 2006. Að ársfundunum loknum var haldinn sjóðfélagafundur þar sem nýtt nafn, Stafir lífeyrissjóður, var kynnt.

Í samræmi við lög um lífeyrissjóði var rekstri sjóðanna og eignum haldið aðgreindum þar til nýjar samþykktir voru staðfestar af fjármálaráðherra. Í samrunasamningi var sú skylda lögð á stjórnir beggja sjóða að fylgja sameiningunni eftir og gæta hagsmuna sjóðfélaga sinna þar til endanlegt samþykki fengist. Af fjölmörgum ástæðum varð samrunaferlið lengra en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Fyrirvari við samrunasamning á ársfundum sjóðanna í apríl tafði ferlið um tvo mánuði. Sökum mikils álags og mannabreytinga hjá Fjármálaeftirlitinu varð nokkur dráttur á að endanlegt samþykki fengist á samþykktum sameinaðs sjóðs. Samþykktir sem staðfestar voru á ársfundum í lok júní fengust staðfestar sex mánuðum síðar eða þann 29. desember 2006. Þá fyrst var hægt að ljúka því ferli sem lýst var í samrunasamningi og sameina sjóðina að fullu.

Samrunaferlinu lauk því tæpum tveimur árum eftir að viljayfirlýsingin var undirrituð. Stafir lífeyrissjóður býr við öflugt skipulag sem endurskoðendur hafa staðfest. Unnið er hörðum höndum að því að ná fram þeirri hagræðingu sem skýrsla stýrihóps lagði upp með.

Undanfarin ár hafa forsvarsmenn lífeyrissjóða áttað sig á þeirri hagkvæmni sem felst í aukinni stærð lífeyrissjóða. Sameiningar hafa verið tíðar og í flestöllum tilfellum eru rökin fyrir þeim, frekari hagkvæmni á öllum sviðum.

Stjórn og starfsmenn

Á árinu 2006 voru starfandi þrjár stjórnir. Fram að aukaársfundum sjóðanna í júní 2006 voru stjórnir beggja sjóða formlega starfandi. Í samrunasamningi var sú skylda lögð á þær að fylgja sameiningunni eftir og gæta hagsmuna sjóðfélaga sinna þar til nýjar samþykktir hefðu öðlast gildi. Samkvæmt samþykktum sem lagðar voru fyrir ársfundi beggja sjóða þann 30. júní 2006 skyldi bráðabirgðastjórn skipuð átta mönnum. Fjórir fulltrúar atvinnurekenda tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins, einn fulltrúi tilnefndur að höfðu samráði við Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og tveir úr röðum aðildarfyrirtækja sjóðsins. Fjórir fulltrúar skyldu valdir fyrir hönd sjóðfélaga. Tveir frá starfsmannafélögum aðildarfyrirtækja Samvinnulífeyrissjóðsins, einn af félagsmönnum Rafiðnaðarsambands Íslands og einn af félagsmönnum Matvæla- og veitingafélags Íslands. Með sama hætti skyldi velja átta varamenn. Bráðabirgðastjórnin starfar fram að ársfundi 2007 en þá tekur við sex manna stjórn samkvæmt samþykktum.

Á árinu 2006 voru haldnir fimm stjórnarfundir í bráðabirgðastjórn sjóðsins. Stefnumótun, breytingar á samþykktum, verklagsreglur, útlán sjóðsins, fjárfestingarstefna, verðbréfavíðskipti og kynningarmál var meðal þess efnis sem rætt var á stjórnarfundum.

Stjórnir Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins funduðu alls 18 sinnum því til viðbótar.

Bráðabirgðastjórn Stafa skipuðu eftirfarandi aðilar:

Aðalmenn:

Guðmundur Hjaltason formaður, Haraldur H. Jónsson varaformaður
Arnbjörn Óskarsson, Erna Hauksdóttir, Guðbrandur Þorkell Guðbrandsson
Karl Stefánsson, Níels S. Olgeirsson, Sigurður Sigfússon

Varamenn:

Andri Jóhannesson, Guðjón Stefánsson, Guðmundur Lúther Loftsson
Knútur Hauksson, Steingrímur Birgisson, Sveinn Þ. Jónsson, Úlfar Reynisson,
Þorsteinn Gunnarsson

Rekstur lífeyrissjóða er flókinn og síbreytilegur þar sem kröfur á hendur sjóðunum um skýrsluskil aukast með hverju ári og fjárfestingarumhverfi verður sífellt flóknara. Þessi þróun kallar á hæft og vel menntað starfsfólk og geta Stafir státað af starfsfólki sem uppfyllir hvort tveggja. Hjá sjóðnum starfa nú 12 manns og er meðalstarfsaldur 14 ár.


Starfsmenn:

Anna María Hannesdóttir innheimtufulltrú, Ásta Kristjónsdóttir, iðgjaldaskráning
Harpa Magnadóttir bókarí, Heiða Friðjónsdóttir lífeyrismál,
Jóna G. Ólafsdóttir aðalbókarí, Jónína B. Bjarnadóttir markaðsstjóri/séreign,
Karen Emilsdóttir sjóðfélagalán, Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri,
Sigrún Magnúsdóttir símavarsla, Skúli Skúlason fjármálastjóri
Stefanía Sigfúsdóttir ritari og móttaka,
Viktor Guðmundsson skrifstofustjóri

Skipurit Stafa lífeyrissjóðs


Á stjórnarfundum þann 30. janúar 2007 var skipurit fyrir Stafi samþykkt. Samkvæmt því er starfseminni skipt í þrjú megin svið: lögjaldasvið, fjárfestingasvið og lífeyrissvið. Skiptingin er í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga um lífeyrissjóði um skilgreiningu á starfsemi lífeyrissjóða. Þar segir að „Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun lögjalda og greiðslu lífeyris“. Skipað hefur verið í stöður á hverju sviði og viðkomandi starfsmönnum falin ábyrgð samkvæmt starfslýsingum.

Starfsreglur stjórnar Stafa voru samþykktar á stjórnarfundum þann 20. júlí 2006 og tóku gildi við gildistöku samþykktar Stafa. Núgildandi starfsreglur koma í stað eldri starfsreglna beggja sjóða. Samkvæmt 4.tl. 3. mgr. 29. gr. laga um lífeyrissjóði hefur stjórn sett reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins. Starfslýsingar eru hluti skipulagsins og hafa verið skrifaðar fyrir alla starfsmenn. Starfslýsingar hafa verið aðgreindar ráðningasamningum og er vísað í þær í ráðningasamningum. Fyrir þá þætti starfseminnar sem hefur verið útvistað hafa verið gerðir samningar þar sem ábyrgð er skilgreind.



Rekstur sjóðsins 2006

Kostnaðarhlutfall



Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2006 var 120,9 milljónir króna og hækkar um 10,8 milljónir króna milli ára. Ef tekið er tillit til sameiningarkostnaðar lækkar rekstrarkostnaður um 24 milljónir króna á milli ára. Varfærnisleg rekstraráætlun stýrihóps sameiningar gerði ráð fyrir að hægt yrði að hagræða í rekstri og lækka kostnað um 18 milljónir króna strax á fyrsta ári og hefur sú áætlun gengið eftir. Rekstrarkostnaður árið 2006 sem hlutfall af eignum var 0,16% samanborið við 0,18% árið áður. Rekstrarkostnaður að frádregnum sameiningarkostnaði, sem hlutfall af eignum var 0,14% samanborið við 0,18% árið áður. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,32% samanborið við 4,45% árið áður.

Árið 2005 var samanlagður heildarkostnaður beggja sjóða 192,8 milljónir króna og var kostnaður nokkuð áþekkur fyrir báða sjóði. Ef litið er til rekstrarkostnaðar sjóða af svipaðri stærð sést að hlutfallslegur rekstrarkostnaður Stafa var svipaður og kostnaður annarra sjóða. Almennt er gert ráð fyrir því að hlutfallslegur rekstrarkostnaður lækki með aukinni stærð lífeyrissjóða. Sýnt hefur verið fram á að enginn annar mælikvarði hefur eins mikla fylgni við kostnaðarhlutfallið og stærð lífeyrissjóða.

Þegar litið er til rekstrarkostnaðar Stafa upp á 0,12% af eignum, er ljóst að sjóðurinn er kominn í fremstu röð hvað rekstrarhagkvæmni varðar. Við samanburð milli sjóða ber að hafa í huga að fjárfestingakostnaður sjóða sem útvista allri eignastýringu kemur oft á tíðum ekki fram sem kostnaður í ársreikningum, heldur sem lækkun á ávöxtun.

Við sameiningu var gert ráð fyrir að ákveðnir rekstrarþættir myndu lækka hlutfallslega. Endurskoðun og tryggingafræðileg athugun eru dæmi um kostnaðarliði sem eiga að lækka strax við sameiningu. Ljóst er að aðrir fastir kostnaðarliðir munu lækka hlutfallslega til lengri tíma, en óvarlegt er að gera ráð fyrir mikilli hagræðingu strax á fyrsta og öðru rekstrarári. Húsnæðiskostnaður gæti til að mynda hækkað fyrst um sinn ef starfsemin flytur í nýtt skrifstofuhúsnæði en ljóst er að til lengri tíma mun sá kostnaðarliður lækka hlutfallslega.

Einstaka kostnaðarliðir eru breytilegir og lækka ekki í hlutfalli við stærð. Ýmis leyfisgjöld eru tengd efnahag sjóðsins og mun hlutfallslegur kostnaður ekki lækka við sameiningu. Samskiptakostnaður, s.s. pósthúsgjöld, er annað dæmi um kostnað sem ekki er gert ráð fyrir að lækki.

Eins og kemur fram í umfjöllun um samruna sjóðanna, varð samrunaferlið lengra en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Áætlanir stjórnar gera ráð fyrir að kostnaðarhlutfallið verði um 0,11% á rekstrarárinu 2007 sem er lækkun úr 0,18% fyrir sameiningu. Náist það markmið hefur sú hagræðing sem gert var ráð fyrir að ná á þremur árum, náðst á tveimur árum. Hér er um rekstraráætlun að ræða sem byggir á reynslu beggja sjóða af einstaka kostnaðarliðum og spá um þróun eigna, en slík spá er háð óvissu til framtíðar.

Iðgjöld

Lágmarksiðgjald til sjóðsins skal vera í samræmi við 2. gr. laga nr. 129/1997 eða hærra kveði samningar á um slíkt. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4% af iðgjaldsstofni hið minnsta og launagreiðandi að lágmarki 6%. Ýmsir samningar þeirra sem eiga aðild að sjóðnum kveða á um hærri framlag.

Öllum launamönnum ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Aðild að Stöfum lífeyrissjóði er þrískipt og byggir samkvæmt samþykktum á fyrirtækjaaðild, stéttarfélagsaðild og frjálsri aðild. Launamenn sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum, og/eða byggja starfskjör sín á kjarasamningum stéttarféлага eru aðilar að sjóðnum. Aðilar sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum er heimil aðild að honum. Að baki er 68 ára samfelld saga lífeyrissjóða sem mynda Stafi lífeyrissjóð þar sem 51.622 einstaklingar eiga réttindi.


Á árinu 2006 greiddu 10.113 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og fjölgaði þeim um 1,6% frá fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 7.316 og fækkar um 1,1%. Á árinu 2006 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins 3.257 milljónum króna sem er hækkun um 11,1% milli ára.

Á árinu 2006 greiddu 5.253 einstaklingar iðgjald til séreignardeildar Stafa og fækkar þeim um 7,3% frá fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga í séreignardeild var 3.168 og fækkar um 9,9%. Á árinu 2006 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 304 milljónum króna sem er hækkun um 12,3% frá árinu áður.


Sjóðfélagar bera ríka ábyrgð varðandi lífeyrисиðgjöld sem tilheyra þeim. Tvisvar á ári eru send út yfirlit og bera sjóðfélagar ábyrgð á því að bera þau saman við launaseðla og ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem koma fram á þeim séu réttar. Komi í ljós að eitthvað ber í milli og iðgjöld hafi ekki skilað sér, þurfa þeir innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits, að skila inn launaseðlum þar sem fram kemur afdregið iðgjald svo réttindi glatist ekki. Þetta er mikilvæg skylda sem sjóðfélagar ber að sinna því ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess fyrir sjóðfélagana að geta treyst því að fá þann lífeyri sem þeir hafa unnið sér inn með greiðslum í sjóðinn. Í þeim fáu tilfellum þegar fyrirtæki verða gjaldþrota og þau geta ekki staðið skil á þeim iðgjöldum sem þau hafa dregið af sjóðfélögum, þá kemur Ábyrgðasjóður launa til skjalanna. Í lögum sem sett voru 2003 um Ábyrgðasjóðinn er lýst skilyrðum sem þarf að uppfylla til að vangreidd iðgjöld njóti ábyrgðar hans.

Það er ekki eingöngu í þjónustu við launagreiðendur sem rafrænn aðgangur að upplýsingum hefur verið efldur heldur geta sjóðfélagar sjálfir fylgst með sinni stöðu á netinu í gegnum heimasíðu sjóðsins, www.stafir.is. Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn geta allir sjóðfélagar séð hvort skilagreinar og greiðslur séu komnar inn til sjóðsins, og þannig veitt bæði launagreiðandanum sínum og sjóðnum aðhald. Einnig er hægt að skoða ávöxtun í séreignarsparnaði með sama hætti og skoðað eigin stöðu á þeim lánum sem viðkomandi hefur tekið hjá sjóðnum.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga




Fjöldi virkra sjóðfélaga




Aldursdreifing sjóðfélaga

Aldurspíramídi er myndræn framsetning á aldursdreifingu þjóða eða hópa og dregur nafn sitt af því að oftast mynda slíkar myndir nokkurs konar píramída. Þegar aldursdreifingu þjóða er lýst eru slíkar myndir samkvæmt venju settar fram sem stöplar á lóðréttum ás. Karlar eru venjulega hafðir vinstra megin við y - ásin og konur hægra megin og fimm ára aldur bil sett fram sem hlutfall af heild. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig aldursdreifing Íslendinga var árið 2000. Myndin sýnir glögglega að íslenska þjóðin er ung, þar sem um 23% af þjóðinni er yngri en 15 ára og aðeins rúm 11% er eldri en 65 ára. Þetta er ein ástæðan fyrir því að íslenska lífeyriskerfið vex eins hratt og raun ber vitni.

Aldursdreifing Íslendinga eftir kyni árið 2000



Aldursdreifing sjóðfélaga eftir kyni árið 2006



■ Karlar ■ Konur ■ Aldursdreifing Íslendinga eftir kyni árið 2000

Á myndinni hér fyrir framan má sjá hvernig hlutfallsleg kynja- og aldursskipting sjóðfélaga Stafa er frábrugðin íslensku þjóðinni. Sjóðfélagar Stafa eru sýndir með bláum og rauðum súlum, en þjóðin með ljósgráum súlum.

Sjóðfélagar Stafa lífeyrissjóðs mynda hóp sem er um margt mjög ólíkur íslensku þjóðinni þar sem hann samanstendur af stórum hluta af körlum.

Lýðfræði sjóðsins stuðlar að því að réttindaávinnsla er með því besta sem gerist meðal lífeyrissjóða á Íslandi.

Launagreiðendur

Stafir lífeyrissjóður er ólíkur öðrum sjóðum að því leiti að hann er að hluta til fyrirtækjasjóður sem stofnaður var árið 1939. Aðild að sjóðnum eiga fyrirtæki og einstaklingar sem áttu skyldu aðild að Samvinnulífeyrissjóðnum samkvæmt lögum, samþykktum og kjarasamningum við stofnun Samtaka atvinnulífsins þann 15. september 1999. Þar að auki eiga aðild að sjóðnum Samband atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði og Samtök ferðaþjónustunnar.


Langflest þeirra fyrirtækja sem greiða til Stafa standa í skilum og leitast sjóðurinn við að sýna festu við innheimtu á iðgjöldum enda sýnir sagan að mjög lítið af iðgjöldum tapast. Sjóðurinn tekur lögbundna innheimtuskyldu mjög alvarlega enda mynda iðgjöldin rétt sjóðfélaganna til lífeyris. Samkvæmt innheimtureglum sjóðsins eru send ítrekunarbréf í hverjum mánuði til þeirra launagreiðanda sem ekki hafa greitt iðgjöld á eindaga og eftir þriggja mánaða vanskil eru kröfur sendar í lögfræðiinnheimtu.

Tvisvar á ári eru send út yfirlit til launagreiðenda yfir allar hreyfingar viðkomandi launagreiðanda í bókum sjóðsins. Sjóðurinn hefur leitast við að bæta þjónustuna við launagreiðendur með launagreiðendavef þar sem þeim gefst færi á að senda skilgreinar inn rafrænt, jafnvel beint úr bókhaldskerfum sínum, skoða stöðu, hreyfingar og innborganir sem hafa borist. Færast sífellt í vöxt að fyrirtæki nýti sér þessa rafrænu þjónustu.

Á árinu 2006 greiddu 1.897 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Samskip er stærsti launagreiðandinn og greiðir 6,1% af iðgjöldum sjóðsins. Hér til hliðar má sjá dreifingu 20 stærstu launagreiðenda til sjóðsins.

Með sameiningu sjóðanna hefur atvinnugreinadreifing aukist til muna og þar með áhættudreifing sem gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta hugsanlegum samdrætti í einstökum atvinnugreinum.

Atvinnugreinar




20 stærstu greiðendur til sjóðsins

- 1 Samskip hf
- 2 Síminn hf
- 3 Olíufélagið
- 4 Fjársýsla ríkisins
- 5 Rarik ohf
- 6 Samkaup hf
- 7 Orkuveita Reykjavíkur
- 8 Kaupfélag Skagfirðinga
- 9 Varnarliðið
- 10 Nýherji hf
- 11 Rafmiðlun hf
- 12 Marel hf
- 13 Securitas hf
- 14 Osta- og smjörsalan
- 15 Landsnet hf
- 16 Kaupás hf
- 17 EJS hf
- 18 Vátryggingafélag Íslands
- 19 Tryggingastofnun ríkisins
- 20 Alcan á Íslandi

Efnahagur og afkoma

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Starfsemi sjóðsins á árinu 2006 greinist í sameignardeild og séreignardeild sem taka við iðgjöldum í samræmi við skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris nam 71.525 milljónum króna samanborið við 59.820 milljónum króna árið áður sem er hækkun um 19,6%. Á liðnu ári var 18.034 milljónum króna ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðfélögum voru lánaðar 959 milljónir króna og keypt voru innlend markaðsskuldabréf fyrir 5.198 milljónir króna. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 2.181 milljón króna. Kaup á öðrum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum námu 631 milljón króna. Keypt voru innlend hlutabréf á síðasta ári að fjárhæð 2.446 milljónir króna og seld fyrir 1.305 milljónir króna. Á liðnu ári fjárfesti sjóðurinn í erlendum verðbréfum fyrir 5.108 milljónir króna.

Gildi ávöxtunar

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi Stafa lífeyrissjóðs er að tryggja viðunandi ávöxtun eigna. Varanleg viðbótarávöxtun upp á 0,10% umfram reikniforsendur geta staðið undir 3% hækkun á eftirlaunalífeyrisgreiðslum. Sú staðreynd að um 70% af framtíðarlífeyrisgreiðslum byggja á ávöxtun eigna en 30% á reglulegum iðgjöldum, undirstrikar mikilvægi góðrar ávöxtunar. Til að sjóðir geti tryggt sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri, eins og fram kemur í samþykktum, er góð ávöxtun lykilatriði. Hún er einnig nauðsynleg til að miðla trausti og öryggi, sem skipta svo miklu máli ekki síst í umhverfi vaxandi samkeppni og samanburðar á milli sjóða.

Í samrunaferli sjóðanna gerði stýrihópurinn ráð fyrir að sameinaður sjóður gæti vænst betri ávöxtunar til lengri tíma litið. Hvað gæði fjárfestingarvarðar var talið að ávinningur fengist með betri greiningarvinnu, áhættumati og bættum gæðum fjárfestingarákvarðana og stefnumótunar. Hópvinnu sérfræðinga sem geti borið sig saman, rökrætt og prófað kenningar og greiningar munu draga úr mistökum og minnka líkurnar á að fjárfestingartækifæri gangi sjóðnum úr greipum.

Fjárfestingaráð

Í framhaldi af því sem hér hefur verið lýst var fjárfestingaráð myndað. Markmið þess er að stuðla að faglegum og vönduðum vinnubrögðum við framkvæmd fjárfestingarstefnu. Fjárfestingaráð er skipað framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og öðrum starfsmönnum sem framkvæmdastjóri velur í ráðið. Margeir Daniélfsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins hefur fallist á að styrkja ráðið með þátttöku, en hann hefur yfir 20 ára reynslu af rekstri lífeyrissjóða og verðbréfamörkuðum. Fjárfestingaráðið kom saman 32 sinnum á árinu 2006. Verkefni þess voru að aðstoða stjórn við mótun fjárfestingarstefnu, að leggja mat á virði og vænta ávöxtun eignaflokka á hverjum tíma og áhættu sjóðsins sem felst í eignarhaldinu. Þar að auki var eftirlit með einstaka fjárfestingum aukið og sannreynt að fjárfestingarstefnu sjóðsins hafi verið fylgt eftir á hverjum tíma.

Þjónustugjöld lækka

Aukinn kaupkraftur styrkir stöðu sjóðsins í samningum um þjónustugjöld við fjármálastofnanir. Umsýsluþóknun við erlenda fjárvörsluaðila lækkar í mörgum tilfellum í takt við auknar eignir í stýringu. Unnið er að því að endursema við alla sem þjóna sjóðnum og fyrstu samningar benda til þess að umsýslugjöld geti lækkað sem svarar 30 bp til 50 bp á ári í kjölfar sameiningar.

Úttekt á ávöxtun

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun, skal með ársreikningum lífeyrissjóða fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Úttektin skal að lágmarki sýna ávöxtun þeirra eignasafna sem fram koma í sérstöku fylgiskjali II í reglunum.

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna skv. reglum FME nr. 966/2001

EIGNARFLOKKAR	INNLEND				GENGISBUNDIN				ÓSKRÁÐ VERÐBRÉF		
	Nafn ávöxtun	Raun ávöxtun	Markmið	*	Nafn ávöxtun	Raun ávöxtun	Markmið	*	Nafn ávöxtun	Raun ávöxtun	Markmið
Innlán í bönkum og sparissjóðum	13,36%	5,96%	12,47%	1	-	-	-		-	-	-
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	11,20%	3,90%	11,62%	2	-	-	-		13,40%	6,10%	11,62%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	12,60%	5,30%	11,62%	2	-	-	-		12,30%	5,00%	11,62%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnanna	12,70%	5,20%	11,62%	2	36,80%	27,90%			12,90%	5,80%	11,62%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	13,00%	5,70%	11,85%	3	-	-	-		-	-	-
Hlutabréf	19,40%	11,60%	14,68%	4	38,60%	29,40%	36,62%	5	8,60%	1,50%	14,68%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,00%	0,00%	-		33,90%	25,70%	36,62%	5	-	-	-
Önnur verðbréf	14,00%	6,60%	10,00%		24,70%	16,80%	23,78%	6	20,10%	12,20%	10,00%
Gjaldmiðlastýring					-1,85%	-8,80%					
Samtals	15,6%	9,1%	15,2%								

* Markmið


1. Meðal stýrivextir 2006
2. 10 ára verðtr. vísitala OMX
3. Vextir sjóðfélagabréfa
4. Aðalvísitala OMX á Íslandi (Icex-main)
5. Heimsvísitala Morgan Stanley + ISK
6. 10% í USD + ISK

Við mat á árangri af virkri eignastýringu skuldabréfa sjóðsins er miðað við markaðsverð verðbréfa, en ekki hefðbundið bókhaldsuppgjör þar sem skuldabréf eru gerð upp á kaupávöxtunarkröfu (bókhaldsverð).


Útreikningar á ávöxtun eru samkvæmt viðauka III í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Nafnávöxtun allra eigna sjóðsins var 15,6% en hrein raunávöxtun eftir frádrátt fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar nam 9,0% á árinu en var 12,8% árið 2005. Góð ávöxtun skýrist að stórum hluta af markaðshækkun hlutabréfa og veikingu krónunnar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 8,7% en 7,2% ef litið er til síðustu tíu ára. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun beggja sjóða lögð til grundvallar. Ávöxtun einstakra eignaflokka er gerð frekari skil í umfjöllun hér á eftir.

Nafnávöxtun



Raunávöxtun



Markaðir

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði þá er allur lífeyrir verðtryggður og skal breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Við núvirðis-reikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skal nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Með öðrum orðum, raunávöxtun lífeyrissjóða þarf að jafnaði að vera 3,5% að lágmarki til að jafnvægi ríki á milli eigna og skulda. Þessi lágmarksávöxtun er ákveðin af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga með hliðsjón af ávöxtun af mjög öruggum skuldabréfum yfir langan tíma.

Stafir fjárfesta í nokkrum eignaflokkum sem raðað er niður eftir einkennum þeirra. Eignaflokkar sem koma til álita þurfa að hafa nægilega stærð, seljanleika og hagkvæmni til að heimila sjóðnum að fjárfesta verulegum hluta eigna í viðkomandi flokki. Nægjanleg gögn verða að liggja fyrir, saga og kunnátta til að meta nýtileika eða gæði eignaflokksins fyrir sjóðinn út frá mælanlegum árangri. Ennfremur verða eignaflokkar að veita möguleika til að meta væntanlega arðsemi, áhættu og fylgni við aðra flokka fjárfestinga. Við mat á eignarflokkum er séstaklega horft til þess að réttindi eru verðtryggð og að lágmarksávöxtun er 3,5%. Markmið Stafa með fjárfestingum er ekki að viðhalda núverandi réttindum, heldur að auka réttindi sjóðfélaga sinna eins og kostur er að teknu tilliti til áhættu. Fjárfest er á innlendum skuldabréfa- og peningamörkuðum til að tryggja stöðugleika í eignasafninu. Fjárfest er í innlendum hlutabréfum sem hafa gefið góða ávöxtun undanfarin ár, ásamt því að fjárfest er í erlendum hlutabréfum til að dreifa áhættu í hlutafélagafjárfestingu. Auk hefðbundinna eignaflokka hefur sjóðurinn í auknum mæli fjárfest í óhefðbundnum eignaflokkum í leit að meiri áhættudreifingu og hærri ávöxtun.

Peningamarkaður og verðbólga

Stýrivextir Seðlabanka Íslands hækkuðu mikið á síðasta ári og enduðu í 14,25% með 0,25% hækkun sem ákveðin var í desember s.l. Raunstýrivextir hækkuðu miðað við flesta mælikvarða á árinu 2007. Miðað við liðna verðbólgu hækkuðu þeir um 1,5% og voru um 8% á árinu 2007 og hafa raunstýrivextir m.v. liðna verðbólgu ekki verið jafn háir í rúm 15 ár. Fjárfestingaráð telur mjög líklegt að raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu hækki næstu mánuðina, enda fyrir sé að draga muni úr verðbólgu tímabundið í kjölfar lækkunar óbeinna skatta. Um þessar mundir er erfitt að túlka vænta raunstýrivexti sem metnir eru út frá verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Verðmyndun skuldabréfa hefur verið óvenjuleg, en ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa snarhækkaði í aðdraganda lækkunar neysluskatta en hefur gengið aðeins til baka þegar þetta er skrifað. Ef marka má núverandi álag gerir markaðurinn ráð fyrir raunstýrivextir haldist yfir 10% út árið 2007.

Horfur á peningamörkuðum hafa því ekki verið jafn góðar fyrir lífeyrissjóði í langan tíma og hefur Seðlabanki Íslands staðfest okkar spár, en hann birt nú þjóðhags- og verðbólguþá með nýjum hætti. Grunnspáin er byggð á stýrivaxtaferli sem sérfræðingar bankans telja að stuðli best að framgangi verðbólguþámarksins eins og segir í Peningamálum. Stýrivaxtaferillinn er birtur með óvissubili til að undirstrika þá óvissu sem umlykur spána og spannar lengra tímabil en áður eða þrjú ár. Samkvæmt núverandi grunnspá þurfa stýrivextir að haldast óbreyttir í 14,25% fram á síðasta fjórðung 2007 til þess að ná 2,5% verðbólguþámið, en gætu byrjað að lækka lítillega á síðasta fjórðungi. Taldar eru meiri líkur á því að hækka þurfi stýrivexti enn frekar en að hægt verði að hefja lækkun þeirra fyrr en í grunnspánni. Væntir stýrivextir Seðlabanka Íslands eru nokkuð í takt við

væntingar fjárfestingaráðs Stafa sem gerir ráð fyrir háum stýrivöxtum út árið 2007. Hvað verðbólguhorfur varðar þá eru aðgerðir Seðlabanka Íslands farnar að skila árangri, þótt enn sé verðbólga yfir markmiði og horfur á að svo verði á árinu 2007. Fjárfestingaráð gerir ráð fyrir 4,5% verðbólgu og telur að of snemmt sé að fagna sigri í baráttunni við verðbólguna. Sú verðbólga sem mælist í dag skýrist að hluta til af ástæðum sem eru skammvinnar. Skattabreytingar, sterk staða krónunnar og lækkun eldsneytisverðs eru dæmi því til stuðnings. Gríðarlegur viðskiptahalli er ávísun á nauðsynlega aðlögun í þjóðarþúskapnum sem gæti komið fram í þrýstingi á gengi krónunnar sem aftur gæti leitt til verðbólgu. Háir stýrivextir hafa dregið úr vexti eftirspurnar og stuðlað að sterkara gengi krónunnar og þannig komið í veg fyrir að miklum launahækkunum undanfarið ár verði velt viðstöðulítið yfir í verðlagið. Í ljósi þess sem áður hefur komið fram að lífeyrisréttindi eru verðtryggð mun sjóðurinn leita allra leiða til að draga úr verðbólguáhættu sjóðsins. Um helmingur eigna sjóðsins eru verðtryggð skuldabréf og samfylgnigreining á verðbréfasafninu sýnir að erlendar eignir draga úr verðbólguáhættu.

Innlend skuldabréf


Árið 2006 einkenndist af miklum sveiflum á skuldabréfamarkaði. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtíma skuldabréfa sveiflaðist á milli 4,0% til 4,6% allt árið. Var það nokkuð í takt við spár fjárfestingaráðs sem gerði ráð fyrir að Seðlabanka Íslands tækist ekki að hafa mikil áhrif á verðtryggða langtímavexti. Væntir raunstyrvextir eru háir og merkja má flóttu fjárfesta úr stuttum verðtryggðum bréfum yfir á peningamarkaðinn. Verðtryggðir vaxtaferlar í meðfylgjandi mynd sýna þessa þróun mjög vel. Ávöxtunarkrafa til stuttra verðtryggðra skuldabréfa hefur ekki verið jafn há í mörg ár.

Tímaróf verðtryggðra vaxta lýsir sambandi langtíma- og skammtímavaxta og gefur vísbendingu um þróun framtíðarvaxta. Sögulega hafa langtímavextir oftast verið hærri en skammtímavextir vegna meiri áhættu lengri bréfa og því er upphallandi vaxtaferill oft nefndur venjulegur vaxtaferill. Líkt og myndin sýnir þá var vaxtaferillinn niðurhallandi allt síðasta ár. Að mati fjárfestingaráðs felast mikil tækifæri í niðurhallandi vaxtaferli. Fjöldmörg stöndug íslensk fyrirtæki gefa nú út verðtryggð skuldabréf til meðallangs tíma á mjög góðum kjörum. Sjóðurinn getur tryggt verðtryggða vexti langt yfir þeim lágmarksvöxtum sem hann þarf að ná sem eru eins og áður sagði 3,5%.


Innlend hlutabréf

Síðastliðið ár var vægast sagt sveiflukennt ár á innlendum hlutabréfamarkaði. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn byrjaði árið 2006 af miklum krafti og hækkaði úrvalsvisitala hlutabréfa um 25% fyrstu 2 mánuði ársins. Í febrúar breytti Fitch horfum á lánsþæfingat ríkisjóðs úr stöðugum í neikvæðar og í kjölfarið kepptust erlendir greiningaraðilar við að birta neikvæðar skýrslur um íslenskt efnahagslíf og íslenska bankakerfið. Í kjölfarið lækkuðu íslensk hlutabréf mikið sem rekja má til þess að margir fjárfestar sem fjármögnuðu hlutabréfakaup með lánum í erlendri mynt ákváðu að loka skuldsettum fjárfestingum með sölu á hlutabréfum. Við þetta lækkuðu hlutabréf mikið fram á sumar, og um mitt ár 2006 hafði markaðurinn lækkað um 5% frá upphafi árs. Góð afkoma fjármála fyrirtækja í kjölfar ítarlegrar kynningar á stöðu íslenska efnahagslífsins, náði markaðurinn að rétta úr sér. Á haustmánuðum hækkuðu innlend hlutabréf, enda verðlagning hagstæð að margra mati. Þegar árinu lauk hafði úrvalsvisitalan hækkað um tæp 16% yfir árið, sem er ásættanleg ávöxtun þótt hún sé vissulega lítil í samanburði við síðustu ár. Ef horft er til þess að vaxtaumhverfið var mjög krefjandi og umfjöllun mjög svo neikvæð er 16% hækkun viðunandi niðurstaða.

Verðtryggði vaxtaferillinn 2006



Innlend hlutabréf



Markaðurinn hefur þroskast mikið á stuttum tíma. Velta á hlutabréfamarkaði hefur þrefaldast á tveimur árum. Á árinu 2006 var veltan rúmlega 2 milljarðar sem er um 80% aukning á milli ára. Fjöldmörg félög í Kauphöllinni hafa verið í mikilli útrás sem hafa aukið mjög virði félaganna. Þó bankararnir hafi verið áberandi í sinni útrás þá hafa framleiðslufyrirtæki tekið virkan þátt í þessari útrás. Þessi fyrirtæki eru leiðandi á sínu sviði. Actavis í samheitalyfjaiðnaði, Össur í stoð- og stuðningstækjaiðnaði, Marel í framleiðslu fjárfestingavara fyrir matvælaíðnað og Bakkavör og Alfesca í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum.

Samanburður á verðkennitölum helstu hlutabréfamarkaða heims og þess íslenska sýnir að íslenski markaðurinn er hagstætt verðlagður og var það í raun allt árið 2006, þrátt fyrir ágjöf erlendra greiningaraðila. Þess ber þó að gæta að viðskiptabankarnir og fjárfestingafélögin vega mjög þungt eða um 75% af kauphöllinni, sem er mun hærra hlutfall en í erlendum kauphöllum.

Gjaldeyrismarkaður

Mikil breyting varð á stöðu krónunnar og lækkaði gengið um 18% á árinu 2006. Í byrjun árs 2006 var raungengið í sögulegu hámarki, en söguleg gögn benda til þess að raungengisjafnvægi sé í námunda við nafngengið 125 til 130 og því má segja að það hafi aðeins verið spurning um tíma hvenær leiðrétting úr 103 niður í 125 hæfist. Það sem kom fjárfestingaráði á óvart á síðast ári var sú skarpa leiðrétting sem átti sér stað. Krónan féll um rúm 25% á mjög stuttum tíma og en styrktist á haustmánuðum og endaði 18% veikari.

Á árinu 2006 urðu miklar breytingar á gjaldeyrismarkaði með innreið erlendra fjárfesta. Mikil veltuaukning varð á markaðnum og stækkaði hann og dýpkaði. En þrátt fyrir aukinn seljanleika hefur flóktið á gjaldeyrismarkaði aukist til mikilla muna með tilkomu nýrra markaðsaðila. Viðskipti vegna sölu á loðnuaflla eða lántaka innlendra aðila hefur ekki sambærileg áhrif á verðmyndun krónunnar eins og áður. Nú er það álit útlendinga á íslensku efnahagslífi sem hreyfir markaðinn. Krónan er orðin hluti af alþjóðlegum fjármálamarkaði og hreyfist í takt við aðrar hávaxtamyntir. Hátt vaxtastig hefur gert krónuna að hávaxtamynt og vakið athygli vaxtamunarfjárfesta. Í kjölfarið sveiflast hún nú í takt við aðrar hávaxtamyntir. Undanfarin ár hefur sjóðurinn verið að byggja upp erlendar eignir í því skyni að dreifa áhættunni á aðra markaði og önnur hagkerfi. Í árslok 2006 voru 18% af eignum sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum. Þegar krónan styrktist lækka þessar eignir í íslenskum krónum og öfugt þegar krónan veikist. Sú mikla breyting sem orðið hefur á gjaldeyrismarkaði eins og áður var lýst hefur leitt til þess að markaðsáhætta sjóðsins hefur aukist til muna. Erlendar eignir eru færðar í bækur á mark-


aðsverði umreiknað yfir í íslenskar krónur á dagslokagengi uppgjörsdags. Til þess að draga úr þessari áhættu gerir sjóðurinn framvirka gjaldeyrissamninga sem ætlað er að draga úr gjaldeyrísáhættu sjóðsins og til að draga úr misvægi á gjaldeyrissamsetningu erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengi íslensku krónunnar. Samningarnir eru ekki tilgreindir í efnahagsreikningi sjóðsins en áhrif þeirra koma fram í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Fjárhæð samningana þann 1.1.2007 nam um 3.338,2 milljónir kr. og afkoma samninganna á árinu var neikvæð um 263 millj.kr. og er færð í ársreikninginn.

Erfitt er að spá fyrir um gengisþróun á gjaldeyrismörkuðum með tilkomu nýrra markaðsaðila. Sterkir kraftar vinna bæði til veikingar og styrkingar. Mikill vaxtamunur eykur áhuga erlendra fjárfesta. Hár vaxtamunur gagnvart útlöndum styður þannig við gengi krónunnar og ekki er útlit fyrir að vaxtamunurinn lækki mikið. Stýrivaxtaspá fjárfestingaráðs gerir ráð fyrir að vaxtamunur verði að meðaltali 8% á árinu 2007. Á móti kemur að viðskiptahallinn er mikill og því mikill þrýstingur til lækkunar og gera má ráð fyrir að krónan muni lækka umfram vaxtamuninn.

Erlendir verðbréfamarkaðir

Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir hækkuðu almennt umfram væntingar fjárfestingaráðs á árinu 2006. Heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 18% í dollurum talið. Hækkunarir í Norður-Ameríku voru 13%, í Evrópu 30%, í Japan 5% svo dæmi séu tekin af stærstu mörkuðum. Norðurlandamarkaðir skáru sig nokkuð úr og hækkuðu um 36% í dollurum talið.

Heimsvísitala Morgan Stanley



Sjóðfélagalán

Lífeyrissjóðslán eru góður kostur fyrir sjóðfélaga Stafa, og eru kjör þeirra fyllilega samkeppnisfær við það sem býðst best á lánamarkaði. Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að móta nýjar lánareglur sem tóku tillit til breytinga á lögum um lífeyrissjóði. Samkvæmt þeim miðast hámark láns við 75% veðhlutfall af fasteignamati, eða verðmati og má sjóðurinn miða við það sem hærra reynist.

Það eru því margir sjóðfélagar sem nýta sér þau í stað þess að taka lán hjá banka-stofnunum, sem jafnvel gera miklar kröfur um ýmis viðskipti um langa framtíð ef fólk á að njóta hjá þeim bestu kjara.

Á árinu 2006 voru veitt 194 lán fyrir samtals 959 milljónir króna. Meðalfjárhæð var 4,9 milljónir króna sem er sama fjárhæð og árið áður. Í lok ársins 2006 var fjöldi útstandandi lána 2.354 að upphæð 5.452 milljónir króna. Meðalskuld sjóðfélaga við sjóðinn er því 2,3 milljónir króna.

Um áramót voru 263 lán í vanskilum og námu vanskil samtals 9,1 milljón króna. Þar af voru vanskil eldri en þriggja mánaða 3,5 milljónir króna vegna 73 lána.

Veitt voru tvenns konar lán á árinu, annars vegar lán með föstum vöxtum gegn því skilyrði að lánið sé á fyrsta veðrétti og hins vegar lán með breytilegum vöxtum. Lánstími er 5 – 40 ár. Sjóðfélagalán Stafa eru samkvæmt lögum eingöngu veitt gegn veði í fasteignum og má veðhlutfall aldrei vera hærra en 100% af brunabótamati.

Fjárfestingarstefna

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Með fjárfestingarstefnu er átt við markmið um eignasamsetningu lífeyrissjóðs.

Fjárfestingarstefnu skal gera árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 3. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 966/2001, en getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetninguna skuli náð. Í fjárfestingarstefnu skulu koma fram þær forsendur sem stjórn lífeyrissjóðsins byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um áhrif lífeyrisbyrði, réttindakerfis og áætlaðs framtíðar-greiðslufláðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamsetningar á fjárfestingarstefnuna.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2007 sem birt er í þessari skýrslu, gerir ekki ráð fyrir stórfelldum breytingum á hlutföllum eignaflokka. Fjárfestingaráætlun hefur verið gerð fyrir árið 2007 og í henni er gert ráð fyrir að markmið um eignasamsetningu muni nást innan ársins. Þá hefur stjórn sjóðsins í samstarfi við fjárfestingaráð og Bear Stearns fjárfestingarbanka, unnið að langtíma fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn.

Við sameiningu sjóðanna breytast forsendur hvað lífeyrisbyrði, þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, varðar. Lífeyrisbyrði sameinaðs sjóð er 45% og gera fimm og 10 ára áætlanir ráð fyrir að hún haldist nokkuð stöðug á þeim tíma.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins hefur áætlað framtíðargreiðslufærði vegna lífeyrisskuldbindinga. Gangi áætlanir hans eftir munu um 50% af ráðstöfunarfé fara í nýfjárfestingar. Meðaltími skuldbindinga sjóðsins er áætlaður um 8,5 ár og er tekið tillit til þeirra við skuldabréfastýringu.

Að teknu tilliti til greiðslufærðis og meðaltíma skuldbindinga hefur hæfilegt hlutfall hlutabréfa í safninu verið skilgreint um 45%.

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I		II		Hámark samkvæmt samþykktum	III		IV		V		VI	
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*	Núverandi eignasamsetning			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,0%	4,0%	1,1%			0,3%	1,0%	0,0%					
Ríkisvixlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15,0%	3,0%	15,7%			0,1%	1,0%	0,4%			0,5%		
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1,0%	0,5%	1,4%			0,0%	0,5%	0,3%			0,5%		
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5,0%	1,5%	6,0%			0,9%	2,0%	0,6%			0,5%		
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12,0%	2,0%	12,2%			0,0%	0,5%	0,0%					
Hlutabréf	42,0%	6,0%	38,3%	< 50%		10,4%	20,0%	2,3%			4,0%		
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2,0%	3,0%	2,4%			2,4%	5,0%	0%			0,5%		
Önnur verðbréf	20,0%	8,0%	22,9%			5,2%	10,0%	2,9%			4,0%		
Samtals	100,0%		100,0%			19,3%	< 50%	6,5%			10,0%		

* Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga

Lífeyrisgreiðslur


Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2006 námu alls 1.456 milljónum króna og jukust þær um 10,8% frá árinu áður. Lífeyrisbyrði, þ.e. lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 41,6% en var 41,9% á árinu 2005. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af hreinni eign voru 1,9% samanborið við 2,0% árið áður.

Alls nutu 3.544 lífeyrisþegar greiðslna á árinu úr samtryggingardeild og fjölgaði þeim um 9,8% á milli ára eða um 205 lífeyrisþega. Á myndinni hér má sjá skiptingu lífeyrisgreiðslna eftir tegundum árin 2005 og 2006.

Eftirlaunalífeyrir

Greiðslur vegna eftirlaunalífeyris námu 937 milljónum króna á árinu 2006 og jukust um 12% á milli ára. Af greiddum lífeyri er 67% eftirlaunalífeyrir og í árslok 2006 voru 1.983 sjóðfélagar á eftirlaunalífeyri hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur




Örorkulífeyrir

Með ári hverju eykst ásókn í örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum hér á landi. Þegar almennu lífeyrissjóðirnir hófu starfsemi árið 1970 var gert ráð fyrir að hlutfall örorkulífeyris gæti numið um 10% af heildarlífeyrisgreiðslum. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós að sjóðir greiða miklu hærra hlutfall til örorkulífeyrisþega og jafnvel yfir 40% af heildarlífeyrisgreiðslum. Einungis góð ávöxtun sjóða hér á landi á undanförunum árum hefur komið í veg fyrir að eftirlaunalífeyrisréttur hafi verið skertur en ljóst er að sjóðfélagar hafa orðið af hækkunum á eftirlaunalífeyri vegna þessa. Á síðasta ári var samið um aðkomu ríkissjóðs um að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða og mun ríkissjóður á næstu tveimur árum greiða um 1.500 milljónir króna til þeirra lífeyrissjóða sem hve þyngsta byrði bera. Stafir lífeyrissjóður stendur nokkuð vel að vígi þar sem örorkubyrði er undir meðaltali sjóða hérlendis. Sú staðreynd að í sjóðnum er mikið af faglærðu fólki og hlutfallslega margir karlmenn stuðlar að því að hlutfall örorkulífeyrisþega er eins lágt og raun ber vitni.

Í samþykktum lífeyrissjóða eru ákvæði um að aldrei skuli upphæð örorkulífeyris vera hærra en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir. Ástæða þótti til að skilgreina frekar tekjur og var hnykkt á því í samþykktar-breytingu á ársfundi 2006 að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins teldust til tekna. Mikill ágreiningur hefur komið upp um framkvæmd þessa ákvæðis þar sem fyrir lá að örorkulífeyrisþegar yrðu fyrir skerðingu á greiðslum frá lífeyrissjóðum.

Örorkulífeyrisþegar sjóðsins voru 760 talsins á síðast ári og fjölgaði um 2,7% á milli ára. Hlutfall örorkulífeyris af greiddum lífeyri árið 2006 var 18,2%. Lífeyrisgreiðslur til örorkulífeyrisþega námu alls 254 milljónum króna árið 2006 og hækkuðu þær um 22% milli ára.

Skipting lífeyrisgreiðslna



Makalífeyrir

Á árinu var greiddur makalífeyrir að upphæð 194 milljónir króna og hækkaði sú upphæð um 13% frá árinu áður. Alls eru 631 á makalífeyri í lok árs 2006.

Barnalífeyrir

Greiðslur vegna barnalífeyris námu 14 milljónum króna á árinu. Er það einungis 1% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins. Hins vegar hafa greiðslur barnalífeyris aukist um 20% milli ára sem er langt umfram verðlagshækkunar. Barnalífeyrir er greiddur vegna:

- Örorku sjóðfélaga 76%
- Andláts sjóðfélaga 20%
- Börn ellilífeyrisþega 4%

Alls var greiddur barnalífeyrir vegna 152 barna á árinu 2006.

Séreignardeild

Úr séreignardeild sjóðsins voru greiddar rúmlega 57 milljónir króna til um 130 lífeyrisþega á árinu. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um lífeyrissjóði vegna ársins 2005 komu fram sláandi tölur þess efnis að einungis helmingur launþega í landinu nýti sér viðbótarlífeyrissparnað. Þessi tegund sparnaðar er þó forsenda þess að sjóðfélagar geti við starfslok haldið svipuðum lífstíl og áður, þar sem samtryggingar-sjóðum er ekki ætlað að tryggja nema 56% af þeim launum sem viðkomandi greiddi af á hverjum tíma.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg athugun miðuð við lok árs 2006 hefur farið fram. Forsendur fyrir tryggingafræðilegum útreikningum eru staðalforsendur útreikninga frá lokum árs 2005, nema hvað lífslíkur hafa breyst. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina voru, að höfuðstóll sjóðsins umfram skuldbindingar og verðmæti framtíðariðgjalda næmi um 3.397 milljónum króna miðað við lok árs 2006.

Á árunum 2004-2005 var gerð skoðun á örorkureynslu 17 íslenskra lífeyrissjóða á árunum 1998-2002. Kom í ljós að örorka var töluvert algengari en hjá frændum okkar í Danmörku, einkum meðal yngra fólks. Þá leiddi könnunin í ljós mikinn mun á örorkureynslu íslenskra lífeyrissjóða. Við tryggingafræðilega athugun Stafa vegna ársins 2006 var miðað við 66% af meðaltali örorkutíðni sjóðanna 17 sem könnunin náði til sem þykir endurspeglar vel líkur á örorku hjá sjóðfélögum Stafa. Við útreikning endurmats var verðmæti verðbréfa með breytilegar tekjur, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, miðað við markaðsvirði á uppgjörstigi.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna

EIGNIR	Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	69.839	0	69.839
Fjárfestingargjöld	(1.831)	0	(1.831)
Núvirði verðbréfa	3.862	0	3.862
Núvirði framtíðariðgjalda	0	48.431	48.431
Eignir samtals	71.870	48.431	120.301
SKULDBINDINGAR			
Eftirlaunalífeyrir	53.807	36.411	90.219
Örorkulífeyrir	5.635	5.486	11.120
Makalífeyrir	7.711	4.962	12.673
Barnalífeyrir	68	745	813
Rekstrarkostnaður	856	1.223	2.079
Skuldbindingar samtals	68.077	48.827	116.903
Eignir umfram skuldbindingar	3.793	(396)	3.397
Hlutfallslegar eignir í hlutfalli af skuldbindingum	5,6%	-0,8%	2,9%

Góð ávöxtun sjóðsins á árinu leiddi til þess að tryggingafræðileg staða hans batnaði mikið. Hrein raunávöxtun nam 9,0% sem er 5,5% umfram tryggingafræðilegar forsendur, leiddi til þess að eignir umfram áfallnar skuldbindingar eru 3.793 milljónir króna eða 5,6%. Heildarstaðan batnaði þó ekki eins mikið og ætla mætti vegna aukinna skuldbindinga af völdum aukinna lífslíkna. Lífslíkur samkvæmt nýjum töflum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, gerir ráð fyrir að meðalaldur Íslendinga lengist um 0,5 ár. Lítilsháttar halli er því á framtíðarstöðu sjóðsins upp á tæpar 400 milljónir króna. Heildareignir umfram skuldbindingar eru því eins og fyrr segir 3.397 milljónir króna eða 2,9%.

Réttindaaukning

Áður en eignir og skuldbindingar sjóðanna voru sameinaðar í Stafi lífeyrissjóð voru endurreiknuð og hækkuð réttindi sjóðfélaga í þeim sjóði og deild er betur stóðu í samræmi við fyrirliggjandi mat tryggingastærðfræðings, þannig að niðurstaðan yrði sú að hlutfall eigna og skuldbindinga vegna áunninna réttinda yrði hið sama. Mat tryggingastærðfræðings á stöðu sjóðanna þann 30. júní 2006 leiddi í ljós að hækka þurfti réttindi sjóðfélaga Lífiðnar um 16,7% og sjóðfélaga í aldurstengdri deild SLS um 20%.

Uppbótarsjóður

Á aukaársfundi Samvinnulífeyrissjóðsins sem haldinn var í september 2005 voru samþykktar samhljóða tillögur sjóðstjórnar um að hætta rekstri stigadeildar sjóðsins, en samþykktin varðaði um 970 greiðandi sjóðfélaga stigadeildar. Á ársfundi lá fyrir að áfallin staða stigadeildar var jákvæð og samþykkt að mynda uppbótarsjóð sem nýta ætti til að brúa bilið milli þeirra lífeyrisréttinda sem sjóðfélagar í stigadeild ávinna sér í aldurstengdu deildinni og þeirra réttinda sem þeir hefðu áunnið sér með áframhaldandi greiðslum til stigadeildar.

Stafir lífeyrissjóður tók við þessum sjóði sem skilgreindur er í 26. grein samþykktar hans og skal færa hann sérstaklega í ársreikning samtryggingardeildar. Þessi sjóður ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir samtryggingardeildar og ber kostnað í hlutfalli af eignum hans af eignum lífeyrissjóðsins. Færslur vegna hans skulu færðar árlega til gjalda og greiðast til lífeyrissjóðsins.

Á hverju ári er reiknað út fyrir þá sjóðfélaga sem eiga rétt á réttindaauka sem skilgreindur er í samþykktum og greitt hafa iðgjöld á því ári, eftir því hver réttindaöflun hefði verið í stigakerfi sjóðsins til samanburðar við aldurstengt kerfi. Reynist réttindaöflun viðkomandi lakari í núverandi kerfi skal greitt úr uppbótarsjóði sem svarar iðgjaldi sem þarf til að veita þau réttindi sem upp á vantar eftir aldri miðað við töflu I í samþykktum sjóðsins.

Árlega skal reikna stöðu uppbótarsjóðs miðað við þá sjóðfélaga sem réttar nutu úr honum á því ári og með sömu forsendum og notaðar eru við tryggingafræðilega skoðun sjóðsins á hverjum tíma.

Í skýringu nr. 6 í ársreikningi er gerð grein fyrir breytingum á uppbótarsjóði. Sjóðurinn stækkar um 144,8 milljónir króna milli ára og nam í lok árs 2006 1.686 milljónum króna, en staða sjóðsins í byrjun árs 2005 var 1.542 milljónir.

Áhættustýring

Samkvæmt lögum og reglum um lífeyrissjóði ber þeim að taka tillit til áhættu, setja sér markmið og viðmið um áhættu ekki síður en ávöxtun. Skuldbindinga-, markaðs-, mótaðila- og rekstraráhætta eru að mati stjórnar fjórir höfuðáhættuflokkar sjóðsins. Áhættustýring miðar að því að hámarka líkur á að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Allar eignir lífeyrissjóða eru háðar óvissu um framtíðarverðmæti. Fjárfestingarákvarðanir snúast ekki bara um „réttu“ eða „ranga“ fjárfestingakosti, heldur hvort áhættan sem tekin er endurspeglar vænta ávöxtun. Fjárfestingarkostir sem hækka vænta ávöxtun safns um 0,1% getur vart talist góður kostur ef hann hækkar vænt flökt safnsins í ávöxtun um 0,5%. Áhætta og áhættumat er því órjúfanlegur hluti af umræðu um ávöxtun.

Markaðsáhættumat

Mælikvarði Stafa á markaðsáhættu er mánaðarlegt flökt ávöxtunar verðbréfa sjóðsins, reiknað sem staðalfrávik ávöxtunar. Annars vegar er reiknað út sögulegt flökt ávöxtunar og hins vegar vænt flökt til framtíðar. Sögulegt flökt síðustu þriggja ára, reiknað á ársgrunni var 4,9%. Við mat á sögulegu flökki var ávöxtun þeirra sjóða sem mynda Stafi vegin eftir stærð þeirra og reiknuð fyrir sameinaðan sjóð eins og um einn sjóð hefði verið að ræða. Gert er ráð fyrir að aukin áhættudreifing eigna muni auka stöðugleika í ávöxtun til framtíðar.

Ásamt því að leggja mat á vænt flökt verðbréfa fékk fjárfestingaráð Stafa fjárfestingabankann Bear Stearns til að leggja mat á vænt flökt til framtíðar. Matið byggir á viðmiðunarvísitölusafni sjóðsins og gildandi fjárfestingarstefnu. Notuð eru reiknilíkön sem þróuð hafa verið samkvæmt fjármálatölfræðiaðferðum. Núverandi mat gerir ráð fyrir að flökt næstu fimm ára verði 4,7% sem er í samræmi við væntingar fjárfestingarráðs.

Skuldbindingaráhætta

Auknar lífs- og örorkulíkur ásamt fleiri þáttum sem hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu gera það að verkum að stöðugt erfiðara er fyrir lífeyrissjóði að standa við skuldbindingar án hækkingar á iðgjaldi. Mat á þeirri áhættu sem felst í breytingum á þessum þáttum ásamt markaðsáhættumati gerir Stöfum kleift að meta hverjar líkur á skerðingu eru til næstu fimm ára. Að teknu tilliti til umframeignar sjóðsins, sem er 2,9%, væntrar markaðsáhættu og þeirra þátta sem að ofan eru taldir, er það mat stjórnar að líkur á skerðingu hafi aukist á milli ára. Taka verður tillit til þess að réttindi sjóðfélaga voru aukin á árinu sbr. umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu.

Rekstraráhætta

Í nútíma rekstrarumhverfi íslenskra lífeyrissjóða reynir meira en áður á flókin úrlausnarefni, þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru meiri en áður var. Ábyrgð stjórnarmanna og starfsmanna hefur aukist í takt við vöxt lífeyriskerfisins. Þótt mannleg mistök séu óumflýjanleg miðast skipulag sjóðins við að draga úr líkum á þeim eins og kostur er.

Í mars 2007 gerði innri endurskoðandi Stafa grein fyrir niðurstöðum innri úttektar sem gerð var á sjóðnum fyrir starfsárið 2006. Er það í fyrsta skipti sem sameinaður sjóður er tekinn út, en áður hafði Deloitte gert úttekt á Samvinnulífeyrissjóðnum og PWC á sambærilegann hátt tekið út rekstur Lífiðnar.

Í samantekt skýrslunnar kemur fram að mati innri endurskoðanda að Stafir lífeyrissjóður fylgi þeim lögum og reglum sem um hann gilda. Skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur eru fyrir hendi eða í undirbúningi þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna koma fram. Allar reglur sem stjórn ber að samþykka voru endurskoðaðar og samþykktar á árinu 2006. Nægilega er skilið milli starfssviða þeirra starfsmanna sem höndla með fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi. Verklag við afstemmingar iðgjalda, lífeyris og fjárfestinga var kannað án athugasemda líkt og skráning iðgjalda og skráning og útreikningur lífeyrisréttinda.

Vegna aðgreiningar eigna beggja sjóða voru tvær fjárfestingarstefnur í gildi meginhluta ársins 2006 en staða fjárfestinga í árslok var í meginatriðum innan þess sem stefnt var að. Fjárfestingarstefna var í samræmi við þau lög sem um sjóðinn gilda. Ávöxtun og ráðstöfun fjármuna var einnig í samræmi við fjárfestingarstefnu. Að mati innri endurskoðanda eru þær skýrslur, sem stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins og opinberir aðilar byggja á, áreiðanlegar.

Stafir lífeyrissjóður býr við öflugt innra skipulag sem innri endurskoðunarskýrsla hefur staðfest. Innra eftirlit er virkt og stöðugt er unnið að endurbótum á verkferlum samkvæmt ábendingum innri endurskoðanda, stjórnarmanna og annarra eftirlitsaðila.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilar Stafa í viðskiptum eru auk sjóðfélaga, íslenska ríkið og sveitarfélög ásamt fjölmörgum fyrirtækjum. Hefð er fyrir því að lífeyrissjóðir veiti lán til sjóðfélaga gegn veði í fasteign. Áður en slík lán eru veitt er lagt mat á hvort viðkomandi uppfylli útlánareglur Stafa auk þess sem lagt er mat á áhættu í tengslum við þá veðtryggingu sem boðin er. Útlánatöp og þriggja mánaða vanskil voru í lágmarki um áramót samanber umfjöllun um sjóðfélagalán í skýrslunni.

Stafir

Lífeyrissjóður

Ársreikningur
2006

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	30–31
Áritun endurskoðenda	32
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	33
Efnahagsreikningur	34
Sjóðstreymi	35
Reikningskilaaðferðir	36–37
Skýringar	38–43
Tryggingafræðileg úttekt	44
Kennitölur	45

Sundurliðanir:

Samtryggingardeildir

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	46
Efnahagsreikningur	47
Sjóðstreymi	48

Séreignarleiðir

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	49
Efnahagsreikningur	50
Sjóðstreymi	51

Skýrsla stjórnar

Fjöldi lífeyrisþega, iðgjaldagreiðenda og fyrirtækja

Árið 2006 var viðburðaríkt ár fyrir sjóðfélaga og starfsmenn sjóðsins. Stafir Lífeyris-sjóður varð til við sameiningu Lífeyrissjóðsins Lífiðnar við Samvinnulífeyrissjóðinn. Að baki er 68 ára samfelld saga Lífeyrissjóða sem hófst með stofnun Samvinnu-lífeyrissjóðsins 1939. Sjóðurinn skipar sér í sæti á meðal stærstu lífeyrissjóða landsins. 51.622 einstaklingar eiga réttindi í sjóðnum og fjölgar um 3,3% á milli ára. Eignir sjóðsins nema 75.043 milljónum króna, 3.397 milljónum umfram skuld-bindingar eða 2,9%.

Á árinu 2006 greiddu 10.173 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og fjölgaði þeim um 1,6% frá fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 7.464 og fjölgar um 1,0%. Á árinu 2006 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins 3.257 m.kr. sem er hækkun um 11,1%. Á árinu 2006 greiddu 5,253 einstaklingar iðgjald til séreignadeildar Stafa og fækkar þeim um 7,3% frá fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga í séreign var 3.168 og fækkar um 9,9%. Á árinu 2006 námu iðgjaldagreiðslur til séreignadeildar 304 m.kr. sem er hækkun um 12,3% frá fyrra ári.

Þá greiddu 1.897 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Með sameiningu sjóðanna hefur atvinnugreinadreifing aukist til muna og þar með áhættudreifing sem gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta samdrætti í einstökum atvinnugreinum.

Á árinu 2006 nutu 3.812 lífeyrisþegar greiðslna úr tryggingadeild að fjárhæð 1.455 milljónum króna. Lífeyrisþegum fjölgar um 9,8% á milli ára eða um 341 lífeyrisþega og greiðslur hækka um 4,1%. Áður en eignir og skuldbindingar sjóðana voru sameinaðar vor í samræmi við fyrirliggjandi mat tryggingarstærðfræðings réttindi sjóðfélaga í þeim deildum sem betur stóðu hækkuð, þannig að niðurstaðan yrði sú að hlutfall eigna og skuldbindinga vegna áunninna réttinda yrði hið sama í báðum sjóðum. Réttindi sjóðfélaga lífeyrissjóðsins Lífiðnar voru hækkuð um 16,7% og réttindi aldurháðu deildar Samvinnulífeyrissjóðsins um 20%.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2006. Helstu niðurstöður eru þær að staða stjósins í heild gagnvart áföllnum skuldbindingum er jákvæð um 5,6% og að viðbættri framtíðarskuldbindingu er hún jákvæð um 2,9%. Framtíðarstaða sjóðsins versnar á milli ára vegna breytinga á lífslíkum.

Raunávöxtun

Nafnávöxtun allra eigna var 16,6% en hrein raunávöxtun eftir frádrátt fjárfestingarkostnaðar og rekstrarkostnaðar nam 9,0% á árinu en var 12,78% 2005. Góð ávöxtun skýrist að stórum hluta af markaðshækkun hlutabréfa og veikingar krónunnar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 8,7% en 7,2% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun beggja sjóða lögð til grundvallar. Ávöxtun einstakra eignaflokka er gerð frekari skil í umfjöllun í ársskýrslu.

Fjárfestingar

Starfsemi sjóðsins á árinu 2006 greinist í sameignardeild og séreignardeild og sem taka við iðgjöldum í samræmi við skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris nam 71.525 mkr. samanborið við 59.820 mkr. árið áður sem er hækkun um 19.6%. Á liðnu ári var 18.034 m.kr. ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Sjóðfélögum voru lánaðar 958 mkr. og keypt voru innlend markaðsskuldabréf fyrir 5.198 mkr. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 2.181 mkr. Kaup á öðrum fasteigna-veðtryggðum skuldabréfum námu 631 mkr. Keypt voru innlend hlutabréf á síðasta ári að fjárhæð 2.446 mkr. og seld voru innlend hlutabréf að fjárhæð 1.305 mkr. Á liðnu ári fjárfesti sjóðurinn í erlendum verðbréfum fyrir 5.108 mkr.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2006 var 120,9 mkr. Rekstrarkostnaður sem hlutfalli af eignum var 0,16% samanborið við 0,18% árið áður. Kostnaður vegna sameiningar var 34,9 m.kr. á árinu og er allur gjaldfærður. Rekstrarkostnaður að frádregnum sameiningarkostnaði, sem hlutfalli af eignum var 0,14% samanborið við 0,18% árið áður. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum er 3,6% samanborið við 4,45% árið áður. Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðinum á árinu var 13 samanborið við 13 árið áður og námu launagreiðslur til beggja stjórna og tveggja framkvæmdastjóra 36,9 milljónum króna.

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs staðfestir ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. janúar 2007.

Stjórn



Guðmundur Hjaltason
stjórnarformaður



Haraldur H. Jónsson
varaformaður



Arnbjörn Óskarsson



Erna Hauksdóttir




Guðbrandur P. Guðbrandsson



Karl Stefánsson



Níels S. Olgeirsson



Sigurður Sigfússon

Framkvæmdastjóri



Ólafur Sigurðsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Stafa lífeyrissjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stafa lífeyrissjóðs fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Reykjavík, 30. janúar 2007.

PricewaterhouseCoopers hf



Gunnar Þór Asgeirsson
lögiltur endurskoðandi



Jón Gunnsteinn Hjálmarsson
lögiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

Sameiginlegt yfirlit séreignardeildar og samtryggingardeildar

	Skýringar	2006	2005
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.224.446.298	1.095.046.564
Iðgjöld launagreiðenda		2.183.179.296	1.867.411.842
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(46.564.142)	(30.214.340)
		<u>3.361.061.452</u>	<u>2.932.244.066</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	1	1.456.698.882	1.314.291.814
Umsjónarnefnd eftirlauna		(3.852.266)	(4.024.852)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.737.986	2.055.477
		<u>1.455.584.602</u>	<u>1.312.322.439</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	2	5.451.148.046	5.784.815.480
Vaxtatekjur og gengismunur		5.209.191.204	3.527.911.352
Breytingar á niðurfærslu		7.637.472	(70.646.374)
		<u>10.667.976.722</u>	<u>9.242.080.458</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	98.618.535	83.102.267
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	120.932.369	110.120.043
Matsbreytingar			
Endurmat fastafjármuna		0	88.499.511
Hækkun á hreinni eign á árinu			
		12.353.902.668	10.757.279.285
Hrein eign frá fyrra ári		62.356.310.671	51.531.527.209
Yfirtekin eign séreignaleiðir 3 - 10 hjá Lífiðn		0	67.504.177
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris		<u><u>74.710.213.339</u></u>	<u><u>62.356.310.671</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Sameiginlegt yfirlit séreignardeildar og samtryggingardeildar

Eignir	Skýringar	31. 12. 2006	01. 01. 2006
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	5	67.249.866	228.797.437
Fjárfestingar	3		
Verðbréf með breytilegum tekjum		33.262.682.266	23.216.882.126
Verðbréf með föstum tekjum		30.977.891.715	28.589.530.877
Veðlán		9.480.400.002	8.788.327.094
Innlánsdeildainnistæður		70.288.074	37.418.615
Bankainnistæður		9.326.239	4.847.975
Aðrar fjárfestingar		41.911.676	73.531.470
		<u>73.842.499.972</u>	<u>60.710.538.156</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		343.106.852	275.142.159
Aðrar kröfur		11.353.173	107.612.457
		<u>354.460.025</u>	<u>382.754.616</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	5	21.752.118	30.986.689
Sjóður og bankainnistæður		757.260.963	1.103.633.453
		<u>779.013.081</u>	<u>1.134.620.143</u>
Eignir samtals		<u>75.043.222.944</u>	<u>62.456.710.352</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir		333.009.605	100.399.681
Samtals hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>74.710.213.339</u>	<u>62.356.310.671</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist			
Hrein eign til greiðslu lífeyris, sameignasjóður		71.525.549.478	59.820.507.880
Hrein eign til greiðslu lífeyris, séreignasjóður		3.184.663.861	2.535.802.792
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>74.710.213.339</u>	<u>62.356.310.671</u>
Aðrar upplýsingar	7		

Sjóðstreymi ársins 2006

Sameiginlegt yfirlit séreignardeildar og samtryggingardeildar

	2006	2005
Inngreiðslur		
Iðgjöld	3.292.088.138	2.923.244.715
Fjárfestingartekjur	2.721.821.950	2.226.952.060
Afborganir verðbréfa og seld verðbréf	5.759.311.288	7.194.082.587
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	7.724.279.701	2.068.365.684
Seldar aðrar fjárfestingar	160.550.000	55.000.000
Lækkun banka- og innlánsdeildainnstæðna	0	153.580.812
Lækkun á kröfum og aðrar inngreiðslur	21.850.000	45.138.728
	19.679.901.077	14.666.364.586
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.455.584.602	1.312.322.439
Fjárfestingargjöld	86.314.325	81.027.284
Rekstrarkostnaður	103.701.519	83.443.575
	1.645.600.446	1.476.793.298
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	18.034.300.631	13.189.571.288
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	11.338.210.663	3.926.439.777
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	5.199.100.512	6.592.572.084
Ný veðlán og önnur útlán	1.804.614.223	2.404.820.723
Keyptar fullnustueignir	1.400.000	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	961.903
Aðrar útgreiðslur	37.347.723	31.575.489
	18.380.673.121	12.956.369.976
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(346.372.490)	233.201.312
Handbært fé í byrjun árs	1.103.633.453	870.432.141
Handbært fé í lok árs	757.260.963	1.103.633.453

Reikningskilaaðferðir

Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Árið 2006 er fyrsta starfsár Stafa lífeyrissjóðs, en sjóðurinn varð til með sameiningu Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins. Samanburðar fjárhæðir eru samanlagðar tölur úr ársreikningum sameinaða sjóða.

Matsaðferðir

Við samningu reikningskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum. Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur,

sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

Við mat á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum er leitast við að meta virði einstakra krafna í vanskilum út frá fyrirbyggjandi upplýsingum um viðkomandi kröfur. Við niðurfærslu krafna í heild eru kröfur hins vegar færðar niður um tiltekna prósentu.

Húseignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir

Húseign sjóðsins og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu stofnverði að frádregnum framreiknuðum árlegum afskriftum eins og það stóð í árslok 2001. Viðbætur þessara eigna eftir árið 2002 eru færðir á kostnaðarverði óframreiknuðu.

Afskrifir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti, fasteignir um 2% og aðrar eignir um 10 - 33%.

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán.

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtavíðmiðun. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á því gengi sem síðast var skráð á tímabilinu. Verðtryggðar eignir eru eignfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í rekstrarreikningi.

Skuldabréf eru eignfærð í lok tímabils miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram, að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Reikningsskilaaðferðir

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Eignarhlutir í félögum sem skráð eru á aðallista og vaxtarlista í Kauphöll Íslands eru eignfærðir á markaðsverði. Eignarhlutir í óskráðum hlutabréfum eru færðir til eignar m.v. kostnaðarverð eða áætlað markaðsverð. Hlutdeildarskírteini eru eignfærð á skráðu markaðsgengi í lok desember.

Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Höfuðstólstryggð bréf eru metin á markaðsvirði.

Aðrar eignir

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir og kröfur sem hafa myndast vegna sölu fullnustueigna. Þessar eignir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu.

Iðgjaldakröfur

Í lok desember eru áætluð útistandandi iðgjöld sem færð eru til tekna og eignar. Áætlunin byggir á reynslu fyrri ára vegna innheimtu iðgjalda.

Útreikningur ávöxtunar

Við útreikning ávöxtunar samstæðu, það er sameiginlegum ársreikningi samtryggingadeildar og séreignadeilda, er beitt meðaltalsaðferð samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000.

Við útreikning ávöxtunar séreignaleiða er aftur á móti notað daggengi fjárfestingaleiða.

Skýringar

1. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig

	Samkvæmt reglug. sjóðsins	Umsjónarnefnd eftirl. endurgr. og annar ób.kostn	Samtals
Eftirlaunalífeyrir	940.529.835	(3.852.266)	936.677.569
Örorkulífeyrir	251.433.256	2.737.986	254.171.242
Makalífeyrir	193.531.041	0	193.531.041
Barnalífeyrir	13.926.126	0	13.926.126
	<u>1.399.420.258</u>	<u>(1.114.280)</u>	<u>1.398.305.978</u>
Séreignarlífeyrir	57.278.624	0	57.278.624
	<u>1.456.698.882</u>	<u>(1.114.280)</u>	<u>1.455.584.602</u>

2. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig

	2006	2005
Af innlendum hlutabréfum	2.901.993.315	5.092.690.846
Af erlendum hlutabréfum	2.807.952.397	625.999.267
Framvirkir gengissamningar vegna erlendra verðbréfa	(258.797.666)	66.125.367
	<u>5.451.148.046</u>	<u>5.784.815.480</u>

Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig

Hlutdeildarskírteini	68.698.368	48.407.324
Verðbréf með föstum tekjum	3.878.939.113	2.776.311.995
Veðlán	1.096.635.067	574.709.607
Önnur útlán	680.533	2.211.957
Bankainnistæður	113.357.620	44.135.218
Dráttarvextir af iðgjöldum	34.880.661	34.356.956
Lántökugjöld o.fl.	8.616.832	12.858.181
Aðrar fjárfestingartekjur	7.383.010	34.920.114
	<u>5.209.191.204</u>	<u>3.527.911.352</u>

Breytingar á niðurfærslu

Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 01.01.	138.226.133	149.456.921
Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 31.12.	(68.294.811)	(138.226.133)
Söluhagnaður (tap) vegna fullnustueigna	(2.292.171)	(38.336)
Afskrifað á árinu/framlag í afskriftarreikning	(52.364.207)	(59.454.222)
	<u>7.637.472</u>	<u>(70.646.374)</u>

3. Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum	Nafnverð	Eignarhlutdeild	Bókfært verð
Hlutabréf skráð á aðallista Kauphallar Íslands			
365 hf	20.028.515	0,33%	95.936.496
Actavis Group hf.	12.621.111	0,31%	807.751.104
Alfesca hf.	381.211.046	6,49%	1.921.303.672
Atorka Group hf.	2.196.078	0,07%	14.845.487
Bakkavör Group hf.	43.870.348	2,03%	2.741.896.750
Exista hf	28.977.826	0,27%	652.001.085
FL Group hf.	35.134.455	0,57%	895.928.603
Flaga Group hf.	7.120.527	0,99%	18.655.781
Glitnir banki hf	81.206.590	0,57%	1.892.113.547
Hf. Eimskipafélag Íslands	10.240.690	0,30%	332.822.425
Icelandair Group Holding hf	13.891.667	1,39%	383.410.009
Icelandic Group	131.233	0,00%	997.371
Kaupþing banki hf	6.336.426	0,09%	5.328.935.107
Landsbanki Íslands hf.	52.262.306	0,47%	1.384.951.109
Marel hf.	409.000	0,11%	31.493.000
Mosaic Fashions hf.	9.837.905	0,34%	150.519.947
Straumur-Burðarás Fjárf.banki hf.	70.417.684	0,68%	1.225.267.702
Teymi hf	21.625.249	0,79%	116.992.597
Össur hf.	2.151.583	0,56%	243.128.879
			<u>18.238.950.671</u>
Önnur óskráð félög			
Samkaup hf.	37.780.716	9,69%	250.486.147
Samskip hf.	140.057.797	6,49%	714.294.765
Síminn hf.	675.040.323	2,18%	675.040.323
Samtals eignarhlutir í 14 félögum:			<u>45.563.093</u>
			<u>1.685.384.328</u>
Innlend hlutabréfaeign samtals			<u>19.924.334.999</u>
Erlend skráð hlutafélög			
Greentech Energy System A/S	DK 190.658		164.004.012
Exchange Traded Funds (ETF's)			162.548.526
A/P Moller_Maersk A/S	DK 23		15.478.540
Danske Bank A/S	DK 3.400		10.795.510
Nove Nordisk A/S	DK 1.700		10.118.103
DeCode	USD 29.025		9.422.090
Önnur erlend hlutafélög			<u>10.765.361</u>
Erlend hlutabréfaeign samtals			<u>383.132.142</u>

Skýringar

Hlutdeildarskírteini

Innlend hlutdeildarskírteini	410.994.606
Erlend hlutdeildarskírteini	<u>12.544.220.515</u>
	<u>12.955.215.121</u>

Verðbréf með breytilegum tekjum samtals

33.262.682.262

Verðbréf með föstum tekjum

Bókfært verð

Skuldabréf með ríkisábyrgð

Spariskírteini	417.675.466
Húsbréf	888.398.154
Húsnæðisbréf	2.127.181.100
Íbúðabréf	6.399.888.595
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	<u>1.722.134.818</u>
	<u>11.555.278.133</u>

Önnur bréf

Fyrirtækjabréf	10.342.572.800
Bankabréf	4.449.498.886
Afleiðutengd skuldabréf á fjármálastofnanir	3.630.599.852
Skuldabréf sveitarfélaga	<u>999.942.044</u>
	<u>19.422.613.582</u>

Verðbréf með föstum tekjum samtals

30.977.891.715

Veðlán

Sjóðfélagalán	5.452.658.227
Önnur veðlán	4.027.741.775

Markaðsverð skuldabréfa nemur kr. 44.184.257.141 í lok desember 2006.

9.480.400.002

Innlánsdeildir

Innlánsdeildir samvinnufélaga	70.288.074
	<u>70.288.074</u>

Aðrar fjárfestingar

Fullnustueignir	41.911.676
	<u>41.911.676</u>

Skýringar

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar í íslenskum krónum	59.848.132.135
Fjárfestingar í USD	7.689.010.954
Fjárfestingar í EUR	5.338.963.186
Fjárfestingar í GBP	621.515.588
Fjárfestingar í DKK	203.387.652
Fjárfestingar í SEK	88.109.338
Fjárfestingar í NOK	53.381.119
	<u>73.842.499.972</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	95.008.144
Launatengd gjöld	9.012.739
	<u>114.020.883</u>

Laun og tengd gjöld sbr. ofar skiptist á milli rekstrarkostnaðar og fjárfestingargjalda. Starfsmenn sjóðsins voru að meðaltali 13 á tímabilinu.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Húseign	Rekstrarfjármunir	Samtals
Heildarverð 01.01.2006	276.483.482	72.120.868	348.604.350
Breyting á árinu	(199.104.886)	(12.749.880)	(211.854.766)
Heildarverð 31.12.2006	<u>77.378.596</u>	<u>59.370.988</u>	<u>136.749.584</u>
Afskrifað 01.01.2006	47.686.045	41.003.349	88.689.394
Fært út vegna sölu	(40.702.535)	(6.581.952)	(47.284.487)
Afskrifað á árinu	3.145.220	3.197.470	6.342.690
Afskrifað samtals	<u>10.128.730</u>	<u>37.618.867</u>	<u>47.747.597</u>
Bókfært verð 31.12.2006	<u>67.249.866</u>	<u>21.752.118</u>	<u>89.001.9870</u>
	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Stórhöfði 31	92.160.000	101.300.000	67.249.866
	<u>92.160.000</u>	<u>101.300.000</u>	<u>67.249.866</u>

Skýringar

6. Uppbótarsjóður

Stafir lífeyrissjóður tók við sérstökum sjóði sem skilgreindur er í 26. grein samþykktu hans og skal færa hann sérstaklega í ársreikning samtryggingardeildar. Þessi sjóður ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir samtryggingadeildar og ber kostnað í hlutfalli af eignum hans af eignum lífeyrissjóðsins. Færslur vegna skulu færðar skulu árlega til gjalda og greiðast til lífeyrissjóðsins.

Á hverju ári er reiknað út fyrir þá sjóðfélaga sem eiga rétt á réttindaauka sem skilgreindur er í samþykktum og greitt hafa iðgjöld á því ári, eftir því hver réttindaöflun hefði verið í stigakerfi sjóðsins til samanburðar við aldurstengt kerfi. Reynist réttindaöflun viðkomandi lakari í núverandi kerfi skal greitt úr uppbótarsjóði sem svarar iðgjaldi sem þarf til að veita þau réttindi sem upp á vantar eftir aldri miðað við töflu 1 í samþykktum sjóðsins.

Árlega skal reikna stöðu uppbótarsjóðs miðað við þá sjóðfélaga sem réttar nutu úr honum á því ári og með sömu forsendum og notaðar eru við tryggingarfræðilega skoðun sjóðsins á hverjum tíma.

Breyting (í millj. kr.) á stöðu uppbótarsjóðs sundurliðast þannig á árinu:

2006

Staða í ársbyrjun	1.542,0
Ávöxtun	255,6
Kostnaður	(4,8)
Greiðslur úr uppbótarsjóði	(106,0)
Staða í árslok	<u>1.686,8</u>

7. Aðrar upplýsingar

Framvirkir samningar:

Gerðir hafa verið framvirkir gjaldeyrissamningar sem ætlað er að draga úr gjaldeyrissárhættu sjóðsins og til að draga úr misvægi á gjaldeyrissamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengi íslensku krónunnar. Samningarnir eru ekki tilgreindir í efnahagsreikningi sjóðsins en áhrif þeirra koma fram í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Fjárhæð samningana þann 1.1.2007 nam um 3.338,2 millj. kr. Afkoma samninganna á árinu var neikvæð um 263 millj.kr. og er færð í ársreikninginn.

Skuldbindingar:

Sjóðurinn hefur gert skuldbindandi samninga um greiðslur í erlenda áhættufjármagnssjóði (e. Private Equity Funds) og er búið að greiða inn hluta af samningsfjárhæð. Eftirstöðvar nema samtals EUR 23.638.953. Slíkir sjóðir verða samkvæmt samningum að dreifa ádrætti í 3 til 5 ára og kemur hún því til greiðslu á árunum 2007 til 2011.

Samrunakostnaður:

Kostnaður vegna samruna sjóðanna á árinu 2006 er gjaldfærður í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Beinn kostnaður vegna þessa nam kr. 34,9 millj.

Skýringar

Starfskjör stjórnenda:

Launagreiðslur til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu greinast þannig:

Laun og hlunnindi

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdarstjóri 1)	14.125.050
Margeir Danielsson, fráfarandi framkvæmdarstjóri	14.930.067
Guðmundur Hjaltason, stjórnarformaður	1.200.000
Haraldur H. Jónsson, varaformaður 2).....	844.000
Arnbjörn Óskarsson, stjórnarmaður.....	492.000
Erna Hauksdóttir, stjórnarmaður	123.000
Guðbrandur P. Guðbrandsson, stjórnarmaður.....	600.000
Karl Stefánsson, stjórnarmaður	600.000
Niels S. Olgeirsson, stjórnarmaður 2)	492.000
Sigurður Sigfússon, stjórnarmaður	600.000
Sveinn P. Jónsson	492.000
Tryggvi Guðmundsson	883.000
Pórir Hermannsson	342.000
Varamenn	1.272.000
	<hr/>
	36.995.117
	<hr/> <hr/>

1) Að auki fékk framkvæmdastjóri Ólafur Sigurðsson greiddar kr. 144 þús. frá Virðingu hf. vegna stjórnarsetu hjá félaginu.

2) Haraldur H. Jónsson og Niels S. Olgeirsson fengu greidd stjórnarlaun frá Virðingu kr. 72.000.

Þóknun til endurskoðenda:

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

Endurskoðun og gerð ársreiknings	3.234.590
Könnun árshlutareikninga	1.361.221
Önnur þjónusta	3.690.739
	<hr/>
	8.286.550
	<hr/> <hr/>

Af ofangreindri þóknun til endurskoðenda, nam þóknun til annarra endurskoðenda en PwC um kr. 1,2 millj.

Skýringar

8. Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg athugun hefur farið fram sem miðaðist við lok árs 2006. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina voru, að höfuðstóll sjóðsins umfram skuldbindingar og verðmæti framtíðariðgjalda næmi um 3.397 milljónum miðað við lok desember 2006.

Við útreikning endurmats var verðmæti verðbréfa með breytilegar tekjur skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, miðað við markaðsvirði á uppgjörstigi.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

Eignir

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	69.839	0	69.839
Fjárfestingargjöld	(1.831)	0	(1.831)
Núvirði verðbréfa	3.862	0	3.862
Núvirði framtíðariðgjalda	0	48.431	48.431
Eignir samtals	<u>71.870</u>	<u>48.431</u>	<u>120.301</u>

Skuldbindingar

Eftirlaunalífeyrir	53.807	36.411	90.219
Örorkulífeyrir	5.635	5.486	11.120
Makalífeyrir	7.711	4.962	12.673
Barnalífeyrir	68	745	813
Rekstrarkostnaður	856	1.223	2.079
Skuldbindingar samtals	<u>68.077</u>	<u>48.827</u>	<u>116.903</u>

Eignir umfram skuldbindingar

	<u>3.793</u>	<u>(396)</u>	<u>3.397</u>
--	--------------	--------------	--------------

Hlutfallslegar eignir í hlutfalli af skuldbindingum

	<u>5,6%</u>	<u>-0,8%</u>	<u>2,9%</u>
--	-------------	--------------	-------------

Kennitölur

	2006	2005	2004	2003	2002
Nafnávöxtun	16,6%	17,3%	15,1%	13,3%	7,2%
Hrein raunávöxtun	9,0%	12,6%	12,1%	11,1%	-1,2%
Hrein raunávöxtun (5 ára vegið meðaltal)	8,6%	6,3%	4,0%	4,2%	3,3%
Hrein raunávöxtun (10 ára vegið meðaltal)	7,2%				
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	39,5%	35,0%	30,2%	24,7%	22,2%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	40,0%	44,3%	44,9%	42,7%	41,8%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	5,5%	3,5%	1,9%	1,4%	2,7%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	2,0%	3,1%	4,6%	5,3%	4,4%
Veðlán	12,8%	14,0%	17,8%	25,1%	27,9%
Annað	0,2%	0,2%	0,7%	0,9%	1,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	81,0%	84,9%	86,2%	90,8%	91,7%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	19,0%	15,2%	13,8%	9,2%	8,3%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi sjóðfélaga í samtryggingardeild	10.113	7.889	7.851	8.214	8.342
Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild	3.812	3.304	3.334	3.134	2.790
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaunalífeyrir	67,0%	63,1%	61,5%	59,6%	60,2%
Örorkulífeyrir	18,2%	22,0%	23,3%	24,5%	22,8%
Makalífeyrir	13,8%	13,6%	13,8%	14,6%	15,6%
Barnalífeyrir	1,0%	1,3%	1,4%	1,4%	1,5%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjárhagsstaða samtryggingardeildar skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	2,9%	5,4%	1,2%	2,6%	-0,5%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	5,6%	11,2%	5,1%	5,7%	1,5%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,60%	4,45%	3,93%	3,59%	3,70%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,16%	0,18%	0,17%	0,18%	0,21%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	43,3%	75,3%	64,9%	60,1%	58,8%
Stöðugildi á árinu	13,0	13,0	13,0	13,0	13,0

Kennitölur fyrir árin 2002-2005 er meðaltal sjóðanna sem mynda Stafi lífeyrissjóð 2006.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

Samtryggingardeild

	Skýringar	2006	2005
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.095.158.915	972.293.834
Iðgjöld launagreiðenda		1.972.655.702	1.685.107.383
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(11.430.588)	569.251
		<u>3.056.384.029</u>	<u>2.660.914.809</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir		1.399.420.258	1.275.656.096
Umsjónarnefnd eftirlauna		(3.852.266)	(4.024.852)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.737.986	2.055.477
		<u>1.398.305.978</u>	<u>1.273.686.721</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		5.270.544.379	5.569.370.589
Vaxtatekjur og gengismunur		4.958.304.661	3.388.666.066
Breytingar á niðurfærslu		7.422.629	(66.818.178)
		<u>10.236.271.669</u>	<u>8.888.274.136</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		88.754.432	77.998.171
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		100.553.690	99.269.981
Matsbreytingar			
Endurmat fastafjármuna	5	0	83.465.524
Hækkun á hreinni eign á árinu			
		11.705.041.597	10.181.699.596
Hrein eign frá fyrra ári.....		59.820.507.880	49.638.808.284
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris		<u>71.525.549.478</u>	<u>59.820.507.880</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Samtryggingardeild

Eignir	Skýringar	31.12.2006	01.01.2006
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir		65.344.258	219.410.059
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum		32.248.694.420	22.419.616.739
Verðbréf með föstum tekjum		29.719.443.555	27.379.025.716
Veðlán		8.742.860.644	8.389.904.483
Innlánsdeildainnstæður		68.296.375	35.223.223
Bankainnstæður		0	1.524.540
Aðrar fjárfestingar		40.724.057	71.008.612
		<u>70.820.019.051</u>	<u>58.296.303.313</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		325.834.183	260.989.903
Aðrar kröfur		11.031.503	174.385.773
		<u>336.865.686</u>	<u>435.375.676</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir		21.135.745	29.937.461
Sjóður og bankainnstæður		686.302.100	1.010.924.465
		<u>707.437.845</u>	<u>1.040.861.925</u>
Eignir samtals		<u>71.929.666.840</u>	<u>59.991.950.973</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir		404.117.362	171.443.094
		<u>404.117.362</u>	<u>171.443.094</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist			
Hrein eign til greiðslu lífeyris, almennur sameignasjóður.....		69.838.749.478	58.278.507.879
Hrein eign til greiðslu lífeyris, uppbótasjóður		1.686.800.000	1.542.000.000
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>71.525.549.478</u>	<u>59.820.507.879</u>

Sjóðstreymi ársins 2006

Séreignadeildir

	2006	2005
Inngreiðslur		
Iðgjöld	301.557.010	269.501.873
Fjárfestingartekjur	65.064.405	155.233.626
Afborganir verðbréfa og seld verðbréf	52.507.267	203.337.520
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	271.570.774	186.454.380
Lækkun banka- og innlánsdeildainnstæðna	203.693	9.010.758
Hækkun á kröfum og aðrar útgreiðslur	8.775.674	2.198.052
	699.678.823	825.736.208
Útgreiðslur		
Lífeyrir	57.278.624	38.562.630
Fjárfestingargjöld	14.581.331	5.104.097
Rekstrarkostnaður	20.217.011	374.188
Hækkun á kröfum og aðrar útgreiðslur	(180.251)	146.278
	91.896.715	44.187.193
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	607.782.108	781.549.015
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	125.584.036	235.732.009
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	283.829.197	386.710.196
Ný veðlán og önnur útlán	214.116.196	134.667.749
Aðrar útgreiðslur	9.041.803	1.852.569
	632.571.232	758.962.524
Hækkun á handbæru fé	(24.789.124)	22.586.491
Handbært fé í byrjun árs	95.747.987	73.161.496
Handbært fé í lok árs	70.958.863	95.747.987

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

Séreignadeildir

	Skýring	2006	2005
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		129.287.383	122.752.730
Iðgjöld launagreiðenda		210.523.594	182.304.459
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(35.133.554)	(30.783.591)
		<u>304.677.423</u>	<u>274.273.598</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir		57.278.624	38.635.718
Umsjónarnefnd eftirlauna		0	0
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		0	0
		<u>57.278.624</u>	<u>38.635.718</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		180.603.667	215.444.891
Vaxtatekjur og gengismunur		250.886.543	139.245.286
Breytingar á niðurfærslu		214.843	(3.828.196)
		<u>431.705.053</u>	<u>350.861.980</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		9.864.103	5.104.096
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		20.378.679	10.850.063
Matsbreytingar			
Endurmat fastafjármuna	5	0	5.033.987
Hækkun á hreinni eign á árinu			
Hrein eign frá fyrra ári		648.861.071	575.579.688
Hrein eign frá fyrra ári		2.535.802.791	1.960.223.103
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris		<u>3.184.663.861</u>	<u>2.535.802.791</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Séreignadeildir

Eignir	Skýringar	31.12.2006	01.01.2006
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir		1.905.608	9.387.379
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.013.987.846	797.265.387
Verðbréf með föstum tekjum		1.258.448.160	1.210.505.160
Veðlán		737.539.358	398.422.611
Innlánsdeildainnstæður		1.991.699	2.195.392
Bankainnstæður		9.326.239	284.436
Aðrar fjárfestingar		1.187.619	2.522.858
		<u>3.022.480.921</u>	<u>2.411.195.844</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		17.272.669	14.152.256
Aðrar kröfur		83.211.029	21.116.043
		<u>100.483.698</u>	<u>35.268.299</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir		616.373	1.049.229
Sjóður og bankainnstæður		70.958.863	95.747.988
		<u>71.575.236</u>	<u>96.797.216</u>
Eignir samtals		<u>3.196.445.463</u>	<u>2.552.648.738</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir		11.781.602	16.845.947
		<u>11.781.602</u>	<u>16.845.947</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>3.184.663.861</u>	<u>2.535.802.791</u>

Sjóðstreymi ársins 2006

Séreignadeildir

	2006	2005
Inngreiðslur		
Iðgjöld	301.557.010	269.501.873
Fjárfestingartekjur	65.064.405	155.233.626
Afborganir verðbréfa og seld verðbréf	52.507.267	203.337.520
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	271.570.774	186.454.380
Lækkun banka- og innlánsdeildainnstæðna	203.693	9.010.758
Hækkun á kröfum og aðrar útgreiðslur	8.775.674	2.198.052
	699.678.823	825.736.208
Útgreiðslur		
Lífeyrir	57.278.624	38.562.630
Fjárfestingargjöld	14.581.331	5.104.097
Rekstrarkostnaður	20.217.011	374.188
Hækkun á kröfum og aðrar útgreiðslur	(180.251)	146.278
	91.896.715	44.187.193
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	607.782.108	781.549.015
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	125.584.036	235.732.009
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	283.829.197	386.710.196
Ný veðlán og önnur útlán	214.116.196	134.667.749
Aðrar útgreiðslur	9.041.803	1.852.569
	632.571.232	758.962.524
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(24.789.124)	22.586.491
Handbært fé í byrjun árs	95.747.987	73.161.496
Handbært fé í lok árs	70.958.863	95.747.987

Ritstjórn: Stafir lífeyrissjóður

Hönnun: Næst

Prentun: Prentsmiðjan Oddi



Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík
www.stafir.is